

Vegprestar

Vegprestir

Sögur og sagnamál

Þorsteinn Antonsson

Sagnasmiðjan

Vegprestar
© Þorsteinn Antonsson
Hönnun kápu og mynd: Þ.A.
Útgefandi: Sagnasmiðjan
hveragryta@gmail.com

Efni

1. Sögur

Hver er þar?

Ferðin

Það

Hrafninn

Í dagsljósi

Háarkollur

Brunnurinn

Hengdi maðurinn

Ég segi þér sögur

„Veit ég vel hvar vaðið er ...“

Risinn

Gæslukonan

Mjölsónata

2. Sagnamál

Fjármálamaðurinn

Herforinginn

Veiðimaðurinn

I

Hver er þar?

Á sólskinsdögum eins og þessum komu stundum andlit fram í huga hans sem hann kannaðist ekki við en vissi að hann hafði þekkt fyrir löngu. Þau líktust ekki þeim andlitum sem hann hafði kringum sig dagsdaglega. Þessi voru með einhverjum hætti hlutar af honum sjálfum. Hann hafði fyrstu árin á hælínu haldið að þetta væru andlit úr sjónvarpinu eins og svo mörg önnur sem sveimuðu kringum hann; en þessi voru öðruvísi; bara öðruvísi. Kannski leituðu þessi andlit svara eins og hann var farinn að gera í seinni tíð.

Hann lá í gróinni brekku niður af húsinu stóra, hvíta og inni í honum var angistin hvít og meinleysislegri en stundum; lá líkt ketti sem bakar sig í sól en fer svo á músaveiðar í svartri nóttinni, yfir kampahárin og drápfýsnin er dauf glóð í glyrnunum –

Angistin; hún hafði bylgjast um brjóst hans, hleypti skjálfta í herðarnar – og hann látið bylgjur hennar sitra um sig líkt og hann væði í grunnu vatni og gárur þess léku um nakta kálfa hans. Á dögum eins og þessum var nærri því að hann gæti vænst svara af þessum andlitum sem báru þó sjálf með sér spurn á hringsveimi sínu um skynjun hans.

Hann þóttist orðið vita að andlitin hefðu lengi leitað hans en hefðu ekki fyrr en eftir langtíma samvistir orðið hans vör. Hann hafði andvara á sér, stóð hálfvegis stuggur af þeim, óskaði þess að þau hyrfu en vissi að það myndi ekki gerast fyrst þau voru komin á kreik á ný. Hann hafði aldrei ráðið nærveru fólks, fannst honum, hvorki þeirra sem allir urðu varir við né hinna

sem honum hafði sjálfum lærst eftir að hann kom í húsið hvíta að hann einn varð var við, hann sjálfur.

Þessi andlit óvissunnar sem hurfu þegar hann rétti að þeim fingur.

Ferðin

Maðurinn lagðist á árbakkann í aftanskininu og sá mynd í hylnum og vissi um leið að hún var ekki hans. Hann afréð að leysa þessa gátu um ásýndina í hylnum og fresta ferðinni að Vegamótum til næsta dags og kannski lengur. Líklega kemst ég aldrei þangað, hugsaði hann ráðleysislega enda ekkert fyrir mig að hafa þar og ef eitthvað fyrir einhvern þá ekki fyrir mig því að ég er ekki sá sem ég er. Til að hylja feimni sína við sannleikann gáraði hann vatnsborðið með hendinni. Ég dvel þá heldur hér við ána um sinn meðan ég hugsa ráð mitt, a.m.k. til morguns.

Um kvöldið skreið maðurinn í pokann sinn og um nóttina þegar varðeldurinn hafði fölskvast og sköll dýranna sem veiddu eða voru veidd í skóglendinu og á sléttunni umhverfis ána höfðu færst óhugnanlega nærri þá steig hin rétta mynd mannsins upp úr hylnum og talaði til hans í svefni. Röddin var eins og vindsveipur í þurru laufum, lágmælt, hvíslandi, orðin næstum ógreinanleg frá goluþyt næturinnar. Og þó greindi hann orðaskil, og orðin voru þagnarmál hans sjálfs.

Þau komu ókunnuglega fyrir. Ég kannast ekki við þig, svaraði hann og horfði upp úr pokanum á stjörnumprýdda nóttina, hafði rumskað og um stund reynt að greina samhengi í annarlegu málfarinu. Hver ertu?

Hann reisti sig meira að segja lítillega upp þótt honum væri það þvert um geð, vitandi að honum var lítil vörn að eldinum lengur. Þófamjúkt rándýr gat leynst í grasinu í námunda við hann.

Hver ertu? spurði hann aftur. Hvar?

Ég kem aldrei aftur, sagði röddin, og virtist jafnvel koma upp úr jörðinni undir höfði hans. Taktu því vel eftir. Jafnvel þótt þú ekki skiljir.

Ég skil, sagði maðurinn lágt út í loftið án þess almennilega að vita hvað hann var að segja. Hafi á annað borð einhver leynst í grasinu í námunda við hann hefur ekki hjá því farið að sá hinn sami hafi greint depurðina í rödd mannsins í pokanum við varðeldinn þrátt fyrir það hve lágt honum lá rómur í ógnvæni og ókunnugleika næturinnar. Það var óljóst hvað hann skildi. Var

hann bara að segja það eitt að hann skildi orðin samkvæmt hljóðan þeirra, eða annað og meira: að hann skildi hvers vegna hinn færi á brott fyrir fullt og allt. Eða jafnvel að hann skildi hver þetta var sem til hans talaði? Sjálfur hann eða einhver annar?

Nú greindi hann niðinn frá ánni.

Hann hlustaði á orðin í bland við niðinn og vindgjósturinn og tilfinningarnar sem hvort tveggja vakti í brjósti hans reyndust þurrlegar og ömurleiki þeirra hinn sami og þessara næturhljóða og annarra sem bárust um víðáttuna; ugluvæl og því næst tíst í hagamús þegar klærnar nístust inn úr mjúkum feldinum og fótfráir fæturnir misstu festu sína. Úr fjarska barst gjamm í sléttuhundi. Hann fann að óttinn bjó í brjósti hans, leiður og langstaðinn eins og einbúi sem svo lengi hefur haldið sig frá mönnum að hann hefur ekkert við að vera lengur annað en frumþarfir sínar og vegna þeirra að einfalda reglu daglegs lífs síns.

Hver ert þú, hvíslaði maðurinn aftur út í víðáttuna þegar hann hafði sannfærst um að hann skildi ekki talið sem niðaði í hlustum hans, en að það byggi yfir mætti til að draga hulu af líðan hans.

Ekkert rof varð í málandann, hvorki fyrir spurn hans né óþreyju.

Niður orðanna var alltaf jafn lágur og óáheyrilegur. Gersneyddur persónueinkennum.

Hann skreiddist upp úr pokanum hrollkaldur og bætti sprekum á eldinn. Hlúði að glæðunum uns loga tók í þurrum sprekunum. Vermdi hendurnar yfir logunum þegar þeir tóku að dafna.

Og lét sem hann heyrði ekki talið.

Þaðan af síður að hann færi að leggja á sig göngu niður að ánni þar sem hylurinn var. Enda varla annað að sjá þar um nótt en svart yfir-borðið þrátt fyrir stjörnuþjarta nótt og tunglskin. –

Um morguninn höfðu logarnir í viðarkestinum hreiðrað um sig í svörtum viðnum, þeir slógu á hann dumbrauðri, líkt og svefnlegri sliðju. Gegnkaldur skreiddist maðurinn á fætur, teygði úr stirðum limum og braut svo saman pokann. Hann safnaði saman matföngum sínum og hóf svo gönguna á ný. Núna milli nætur og dags var hafið líf í annarri mynd á sléttunni, fuglar sungu, ögrandi raddir næturinnar þagnaðar. Þar á meðal sú sem

til hans hafði talað. Hann afréð að hirða ekki um hana frekar, en í staðinn komast á Vegamót.

Hann vildi eiga kosta völ.

Það

Dag einn, á óvissum tíma, skreið það undan stórum steini í eyðilegri vík. Enginn var nálægur. Hvergi merki um fólk langan veg til allra átta.

Nær og fjær voru svartar klappir, víkur, skorir og leirstokknir hólar. Og auðvitað hafið.

Grátt og óendanlegt.

Nei. Á staðnum, þar sem þess gætti fyrst var ekki landslag handa ferðamönnum úr fjarlægum borgum að skoða, hvað þá að nokkur vildi vistast til lengdar í nágrenninu. Og gangnamenn leituðu heldur ekki svo langt að þeir kæmu í víkina. Né var gengið hér á reka en frekar um fjörur sem taka slíkum feng opnum örmum.

Landið var grátt eins og hafið, grárna en vonleysið.

Og oftast huldi skýjabreiðuna svört klif víkurinnar ofanvið, klungur sem vetrarfrostin höfðu afmyndað og að hluta rutt ofan fjallshlíðarnar.

Eggjagrjót lá dreift um skriður ofan frá hamrabeltunum og niður í fjöru. Manni eða ferfætlingi hefði reynst mjög torvelt að komast yfir skriðurnar upp af víkinni – tæki á annað borð einhver til við svo fáfengilegt athæfi því handan við víkina var ekki neitt að sjá annað en svartar klappir, gljáandi af raka. –

Um aldir hafði það hvílt undir steininum stóra, skorðað í gjótu, hulið myrkri og úr myrkri komið. Gætt takmarkalausri mýkt, verðleika sem hvergi var annars staðar að finna í lífsfjörru landinu umhverfis.

Daginn sem það skreið undan steininum var saggi í lofti – ekki svo mikill að talist gæti rigning né svo lítill að kalla mætti þoku heldur salli sem draup ofan úr gráu tímalausu þykkninu yfir vík og hafi og mettaði land og loft.

Milli klappa og í fjörunni lá aurborinn snjór.

Það hafði enga lögun þar sem það lá í fjörunni, svart eins og leifar síðustu nætur, einstætt eins og stjörnuhrap.

Hrafninn

Fjallið sagði við sjóinn sem svo lengi hafði legið kaldur við rætur þess: Getum af okkur afkvæmi. Eitthvað sem hæfir bið okkar og samræmist henni. Eitthvað sem getur fundið til sín við þessi kjör og þjáist marklausri þjáningu ef slíkt væri á annað borð hægt. Afskræmi sem býr yfir löngun til að vera það ekki. Eitthvað sem getur ekki að sér gert en mænir á ómerkilega hluti þegar hið mikilvæga gerist. Eitthvað sem gengur þvert á hefðbundið samhengi. Eitthvað sem fæst ekki til að vera veruleiki með öðrum hætti en vera ósundurgreinanleg fyrirferð. Eitthvað sem getur ómögulega vikið fyrir öðru betra. Eitthvað sem leitast við að taka þá trú að sjálft sé það betra. Eitthvað sem finnur samt ekki leið frá fyrirferðarmiklu hatri til veikburða ástar eða þannig. Eitthvað sem ætlast á um of. Eitthvað sem ekki þekkir sjálft sig en væntir að finna sig. Og trúir að það geti orðið einhverjum fullveðja að liði. Eitthvað sem er til en verður ekki höndlað hvað sem væntingum líður.

Og svo var því líkast sem af svörtum hömrum og öldum við rætur fjallsins flygi lifandi skuggi, svartur fugl greip flugið ofan við fjörugrjótið og steig upp í himingrámann.

Vitundaröflin eru kraftar á reiki um hvít fjöll.

Svartur tekur hann sig upp í tunglskini og flýgur yfir fjöllin, upp yfir hvíta snjóbreiðu sem hverfur í fjallskugga. Hann flýgur lengi en sest svo á klettasyllu, fyrir neðan örlar fyrir bæ. Svo langt er ofan af syllunni þar sem hann situr og niður á snævipakta þekjuna að engin sálaröfl ná þaðan önnur en myrk köld kvika. Og nú hefur hann sig upp á ný. Hann dregur slóðann á fluginu gegnum mjúk næturský. Meðan aðrir fuglar sofa, undir rofabarði eða á girðingarstaur, samrunnir umhverfinu, er hann á ferð í nóttinni. Hann lætur sig falla fremur en svífa ofan að bæjarþekjunni.

Hundurinn sér hann, teygir ólúndarlega upp hausinn, geispar en gerir svo ekki annað en koma sér fyrir á ný með trýnið milli lappanna, svartari en rökkrið umhverfis. Hrafninn finnur fyrir manneskjum inni í bænum, og tungllýst þekjan er

nærfellt gagnsæ fyrir sjónum hans, draumar íbúanna flökta líkir slæðum yfir hvílum þeirra. Og myndum bregður fyrir. Hestar á hlaupum. Fugl á grein. Og af mönnum í afkárlegum stellingum, eðlunar eða ófriðar ef þar er einhver munur á. Myndir af húsum sem breyta um lögun og svip.

Hann vappar að rúðunni og dumpar létt á hana eins og ástsjúkur maður. En nógu varfærnislega til að sá sem inni sefur vaknar ekki heldur léttir bara svefninn; byltir sér. Leikur einsemdarinnar. Svo hefur hann sig til flugs á ný; sá eini ferðalangur sem hleypt er innfyrr helgrindur og út aftur.

Í dagsljósi

Það var einu sinni maður sem álpaðist ofan í poll. Þarna stóð hann í pollinum og kvartaði undan því að hann væri blautur í fæturna og honum væri kalt. Þeir sem leið áttu framhjá staðnæmdust og sögðu honum að stíga upp úr pollinum, á þurrt, og þeir sem voru verulega góðir í sér sögðu honum þar að auki að fara heim og skipta um skó og sokka. Svo gæti hann haldið áfram leiðar sinnar ef hann hefði verið að fara eitthvert. En þetta síðasta sögðu aðeins þeir kurteisustu; allir vita jú að öll erum við alltaf að fara eitthvert.

En þrátt fyrir góð orð og góð tilmæli stóð maðurinn um kyrrt í pollinum og hann stundi af óhamingju og vanlíðan, meira gerði hann ekki. Þarna stóð hann, sumum til undrunar sem framhjá gengu. Öllum var ljóst að það er lítið hægt að gera fyrir þann sem ekki vill fara alfaraleiðir annað en láta hann afskiptalaus. Sumum lærir ekki hlutleysi fyrr en af harðri reynslu, öðrum er slíkt viðmót eiginlegt strax við fyrstu kynni. Einhverjir verða til að spyrja. Slíkir menn eru alltaf til. Maðurinn í pollinum fór ekki varhluta af því.

Hann var spurður af sérvitrum manni, sem ekki gat látið sér nægja að leggja til við hann að stíga upp úr pollinum, hvers vegna hann stæði þarna svona álappalega og færi ekki að eins og annað fólk þegar hann vöknaði í fæturna, einkum þar sem hann kvartaði undan óþægindum af þessum sökum. Maður skyldi ætla að þeim í pollinum væri ljóst að engin leið er styttri en milli spurningar og svars hversu mikið sem úrræðaleysið er því alltaf er hægt að svara: Ég veit ekki. Eða ég held –

Kannski að maðurinn í pollinum hafi ekki verið einn af þeim hreinskilnari, nei, líklega ekki, því hann kaus að mæta hispursleysi spytjandans með þegjandi þögn, gott ef hann ekki beit á jaxlinn þegar hann sá spurnarsvipinn.

Þetta er mikil þrjóska hugsaði sérvitringurinn með sér þegar hann hætti að bíða eftir svari, ekki með öllu laus við aðdáun, – hann hlýtur að vera að gera upp við sig erfið mál.

Ef sá sem þetta les skyldi halda að myrkur og nætursvali hafi rekið manninn í pollinum upp úr þá er það ekki rétt; hann stóð þarna að morgni. Þeir sem nú fóru um í dagsljósinu og voru teknir að kannast við manninn í pollinum sáu ekki að honum væri brugðið eftir næturdvöl á svo óvistlegum stað. Þetta var gruggugur pollur eins og pollar oftast eru og heldur óþrifalegt líka umhverfis; timbur frá nýreistum byggingum, traðk eftir fætur manna á leirugri sléttu.

Í fjarska mörg hús á alla vegu.

Það var hálförökkur og kalt enda vetur. Sérvitringurinn átti nú aftur leið um að morgni en gerði ekki annað að þessu sinni, þegar hann fór hjá, en líta til þess í pollinum með beiskjusvip. Eitthvert ósætti var komið upp í milli þeirra án þess að farið hefðu í milli mörg orð. Hvað sá í pollinum var að hugsa vissi enginn.

Reyndar kom í ljós að hann varð lúpulegri þegar leið á daginn, engu líkara en hann væri að tærast upp í dagsljósinu. Færri urðu til að ávarpa hann. Einhverjir töluðu sig saman um að þetta væri eitthvað á vegum sjónvarpsins sem best væri að skipta sér sem minnst af svo maður lenti ekki á mynd.

Að kvöldi þessa dags var maðurinn dauður. Fólk varð vart við að hann lá endilangur í pollinum, tók sig til og dröslaði honum á þurr. Svo vildi til að sérvitringinn bar að á þeirri stundu. Hann aðhafðist ekkert, staðnæmdist varla þótt hann sæi hvernig komið var, en tautaði illskiljanleg orð sem einhverjir festu sér í minni: Svona fer ef einkalífið er gert að allsherjarrétti sérhvers manns.

Enginn reyndi að botna þessi orð. Dánarorsökin var úrskurðuð sú ein að maðurinn hefði drukknað í polli. Og er þó vissulega ástæða til að gefa því gaum hve mörgum verður hált á að þurfa að gera upp sín mál einir og hjálparlaust.

Háarkollur

Einn góðan veðurdag gerðust þau býsn að allir Íslendingar urðu sköllóttir líkt og hendi væri veifað. Svo aðgangshörð var ógæfan að hárrúðir menn að morgni gengu nauðasköllóttir til hvílu að kvöldi. Höfuðhárið lá laust í höndum manna, heilar hnefayfillir. Menn af báðum kynjum gátu dregið á sig hárlausa rák frá eyra til eyra með því einu að renna fingri eftir höfuðleðrinu. Á fáeinum dögum varð höfuðhár í sprettu hið mesta fágæti í landinu. Fárið lagðist hins vegar ekki á aðrar skepnur en menn.

Fyrirvaralaust var þjóðin orðin sköllótt, jafnt konur sem karlar. Menn þorðu ekki lengur að líta hver við öðrum framan í heldur sneru sér undan og blygðuðust sín á mannamótum. Þeir hættu að ræða saman nema hið allra nauðsynlegasta. Sjálfsvíg hárskera urðu tíð.

En eins og fyrri daginn urðu einhverjir til að sjá bjartari hliðina. Þar kom að einstaka bjartsýnismaður vogaði sér að láta til sín heyra, spurði: „Til hvers svo sem að hafa hár á höfðinu?“ En slíkur gárungaskapur var umsvifalaust þaggaður niður með hvössum augnatillitum.

Miklar umræður urðu um orsök þessa vandamáls. Töldu sumir að vera myndi um að kenna auknu magni af geimgeislum í lofthjúpnnum yfir landinu vegna svokallaðs ósongats. En enginn kunni sönnur á því. Látin var fara fram læknisfræðileg athugun á hársverði fólks og úrtökin höfð sem fjölbreytilegust; var fengið til fólk hvaðanæva af landinu, úr öllum stéttum, og gáfu sjálfboðaliðar sig fram af slíkri auðfúsu, að langar biðraðir voru dag hvern við læknamiðstöðvar, meðan athugunin fór fram. En árangur varð ekki sem erfiði: engin niðurstaða fékkst önnur en sú að háarsekkir landsbúa væru hættir að starfa. Reyndar voru ýmsar tegundir hárlýfja, en allt kom fyrir ekki. Þessa daga hlógu þeir menn einir sem sköllóttir höfðu verið fyrir er fárið dundi yfir.

Fyrstu dagana gekk fólk um berhöfðað rétt eins og fyrr líkt og ógæfan hefði sneitt það sjálfsvirðingu. Áfallið varð einmitt

um hásumar þegar birta fyllir hvern krók mestallan sólarhringinn. Stærðarmunurinn á höfuðkúpum kvenna og karla varð nú greinilegur. Eðlilega kom áfallið verst niður á kvenfólkinu, svo mjög að konur hættu margar jafn vel að snyrta sig. En í þessu efni urðu krakkarnir hinum fullorðnu til fyrirmyndar. Krakkarnir voru að vísu allt annað en kátir fyrst í stað, urðu undirfurðulegir hver frammi fyrir öðrum. En tóku kæti sína aftur nærri strax, urðu brúnir um höfuð og andlit og foreldrum þeirra virtust augu þeirra hafa stækkað eins og í ljós hefði komið að þau tilheyrðu raunar allt öðrum kynþætti. Börnin tóku jafnvel upp á því að mála rendur með vatnslitum sínum á höfuð hvers annars og héldu því áfram þótt þeim væri bannað það og sagt að það væri villimannlegt.

Með tímanum varð léttlyndi barnanna til þess að hinir fullorðnu endurheimtu að einhverju leyti aftur sjálfsvirðinguna. Karlmenn tóku að ganga með hatta sem þeir ráku niður yfir skallann, svo þétt að eyrun stóðu eins og blöðkur út í loftið. Og sú óorðaða regla varð til að menn þyrftu ekki að taka ofan hver fyrir öðrum þegar þeir mættust á götu. Konur gengu líka með hatta eða slör; slörin aðallega inni við. Hattasölukaupmönnum tók að græðast fé og sátu við að finna upp nýjungar í hattagerð daga og nætur.

Aðalsöluvaran varð þó hárkollur. Þær birgðir, sem til voru í landinu, runnu út; gerðar voru ráðstafanir til að nýjar kæmu erlendis frá, heill skipsfarmur. Vandkvæðum var þó bundið að safna saman með litlum fyrirvara hárkollum á heila þjóð, einkum þar sem hárkollur voru í tísku í nágrennalöndunum. Erlendis kom upp kurr um að þjóðin ætti sjálf að svara þörfum sínum fyrir hárkollur. En þjóðin átti enga hárkollumeistara. Og það sem verra var: Í örvilnan sinni hafði hún fleygt af sér hárinu jafnóðum og það datt af og fyrsta kastið var því ekki um hárkollugerð að ræða af hennar hálfu sem svarað gæti hinni nýju þörf.

Upp frá því að hárkollur voru orðnar ófáanlegar á venjulegum markaði fór að bera á svartamarkaðsbraski með þær sem fyrir voru. Verðið margfaldaðist. Notaðar hárkollur gengu kaupum og solum um heil völundarhús af milliliðum. Oft á tíðum lögðu menn sig í beina lífshættu við útvegum þeirra vegna verðsins sem fyrir þær fékkst. Jafnframt þessu tók að bera á hárkollum úr ýmsum efnum, oft föndurslega gerðum, svo sem

næloni, hampi, ull. Þetta vandræðaástand óx. Innbrot á heimili manna voru framin til að hafa á brott hárkollur heimafólksins. Hárkollur voru hrifsaðar af fólki í mannþröng í auðgunarskyni. Slagsmál urðu út af þeim á skemmtistöðum. Að síðustu varð löggjafarvaldið að skerast í leikinn og gefa út bráðabirgðalög sem bönnuðu notkun hverskyns hárkolla uns nægar birgðir hefðu borist til landsins til að eitt gæti yfir alla gengið og friðar og öryggis yrði gætt. Náttúrulega var íhlutun löggjafarvaldsins mótmælt kröftuglega af berendum hárkolla en þeir voru í miklum minnihluta og urðu að sætta sig við orðinn hlut. Hver maður var nú tekinn fastur sem sást með hárkollu á almanna færi. En allar aðrar hlífar voru leyfðar og varð því oft um takmarkatilvik að ræða sem dómstólar urðu að skera úr, og lítið dró úr öngþveitinu.

Mál þetta var mikið rætt í fjölmiðlum landsmanna. Hárkollueigendur stofnuðu með sér hagsmunasamtök og deildu hart á bráðabirgðalögin, töldu þau brjóta í bág við persónuréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Deilur voru á þingi um málið, en ekki hvassyrta þar eð þingheimur hafði að nokkru misst virðuleik sinn með hárinu eins og aðrir landsmenn. Liprustu samningamenn hins opinbera á sviði viðskipta voru sendir utan til að hraða öflun þessarar vöru frá nágrannalöndum okkar.

Um sama leyti lagðist bandarískt skip að bryggju í Sundahöfn í Reykjavík, hlaðið hárkollum. Af því tilefni sögðu menn sem lásu Time og Newsweek að njósnaaugu gervitungla hefðu numið blikuna af sköllum borgarbúa á góðviðrisdögum fyrr um sumarið og sent til bandarískra yfirvalda upplýsingar sem hefðu verið túlkaðar og rétt skildar og væri farmurinn til kominn fyrir ýtni frá þeirrar þjóðar mönnum er með honum vildu sýna innlendum hlýhug; aðrir sem lásu Scientific American heldu því auk þess fram að innrauð lýsing vegna hitauppstreymis af höfðum manna hefði aukist að svo miklum mun við hármisinn að landsbúar væru miklu betra skotmark en áður, jafnt á nóttu sem degi, og væri farmurinn til landsins kominn af hernaðarástæðum sem duldar væru af sömu ástæðum. Upp spruttu deiluaðilar og þráttuðu um hvort afgreiða skyldi skipið eða ekki. Svo fór að lagafrumvarp um kaupin var lagt fyrir Alþingi þjóðarinnar og samþykkt og við það tækifæri slegið hraðamet í afgreiðslu lagaákvæðis frá Alþingi Íslendinga enda

Þingheimur í senn langþjálfaður í að veita sjálfum sér afbrigði frá þingsköpum og ekki eins bundinn af sjálfsvirðingu og fyrr. Var farmurinn síðan keyptur fyrir ríkisfé. Settur var upp markaður í tollstöð við höfnina, þar sem fólki af borgarsvæðinu var boðið að kaupa vöruna. Hluti birgðanna hafði þá verið sendur út á land. Einnig höfðu verið gefin fyrirsmæli af hálfu Hins opinbera um forréttindahópa samkvæmt þörfum hvers og eins. Rætt var af mikilli ákefð um það í framhaldi af þessum aðgerðum öllum hvort opinberir aðilar hefðu gert rangt með því að kaupa skipsfarm hinna erlendu kaupsýslumanna og bíða ekki boðanna. Ásakanir komu óhjákvæmilega fram um, að dulin hagsmunatengsl væru milli stjórnaraðila og þeirra kaupsýslumanna er að skipinu stóðu. Flestir landsmenn fögnuðu þó þessari lausn og flyktust til markaðarins samkvæmt leiðbeiningum sem þeir fengu frá fjölmiðlum þjóðarinnar.

Á markaðinum voru hárkollur af margvíslegum stærðum og gerðum og tískan sprengdi af sér öll bönd. Þar voru túberaðar heysátuháerkollur, póníteils fyrir táníngastúlkur, blondínuháerkollur og hverskonar annað glamorlúk stríðsáranna síðari og allt fram til hárafars hinnar önnur köfnu athafnakonu sem juku á fjölbreytninna og urðu enn önnur kafnari fyrir endurnýjaðan lífsþrótt. Fyrir pílta voru hárkollur með rana og píku presleytímans, kollhúfulegar bítlaáranna, síðar og úfnar sem minntu á hippatímans og hárkollur með óstýriláta liði og sveipi sem var það nýjasta og minnti á enn fjarlægari tíma sögunnar. Fyrir miðaldra kaupsýslumenn voru hárkollur með grátt í vöngum. Krjúkött og bárujárnshárgreiðslur fyrir gamla karla og gamlar konur gengu í endurnýjun lífdaga með permanetti seinni stríðsáranna eða jafnvel drengjakoll sjarlestónstímans, the roring tventís.

Verðinu var stillt í hóf þar eð kaupgeta almennings var ekki of mikil. Lægst launaðir fengu meira að segja sínar hárkollur ókeypis þótt hitt kæmi að vísu á móti að þeir hlutu að taka við þeim sem að þeim voru réttar. Þeir sem harðast höfðu mótmælt sölumenskunni keyptu einnig hárkollur á markaðinum og vildu ekki fyrir eina saman vandlætingu sína ganga um sköllóttir innan um hárprútt fólk. Þeir sem sköllóttir höfðu verið fyrir áfallið, gripu tækifærið þegar notkun hárkolla var orðin svona algeng og huldu á sér skallann með þykku, líflegu hári, tískulega greiddu. Að endingu voru skallar orðnir slíkt blygðunarefni með þjóðinni að jafnvel handrukkarar voru komnir með hárkollur.

Dag einn lagðist skip að bryggju í Reykjavík á vegum sendimanna íslenskra yfirvalda. Farmurinn var hárkollur og honum var ekið til verslana með venjulegum hætti. Eftirspurn eftir hárkollum var mikill en farmur þessa skips hafði verið valinn með brýna nauðsyn fyrir augum og stóðst því ekki samjöfnuð við farm hins fyrra skips. Þessar hárkollur hrúguðust upp í vöruheymslum verslunarhúsanna meðan hinar gengu út. Áður en fyrri sendingin kláraðist alveg höfðu hinir sömu framleiðendur og dreifingaraðilar verið inntir eftir endurnýjun á uppfyllingu hinnar nýju þarfar. Hinir erlendu söluaðilar buðust til að draga sig í hlé fyrir hinni innlendu viðreisn en litlu síðar lýsti nefndarálit af hálfu Hins opinbera því yfir að þessi viðskipti væru einmitt liður í hinni innlendu viðreisn. Hinir vinsælu framleiðendur og dreifingaraðilar létu til leiðast.

Fólkið var mismunandi lengi að venjast hárkollum sínum, eldra fólk og ungvíði stytst. Settar voru reglur um á hvaða aldurstigi skyldi hefjast handa við að venja ungbörn við hárkolluna þegar ljóst varð að ekki eitt einasta hár dafnaði á höfði þeirra nýfæddu frekar en annarra landsmanna. Gamla fólkið átti ekki örðugra með að setta sig við hárkollur sínar en gervitennur. Aftur á móti ýfðust miðaldra menn mjög gegn þessu tildri og voru lengi fyrir framan spegilinn, þegar aðrir sáu ekki til, að samhæfa áunna svipfestu hárinu.

Umrótið hægðist fyrr en varði enda allir undir sömu sök seldir. Fólkið bar saman hárkollur sínar við annarra upphátt og í hljóði, það skipti um skoðun, keypti sér nýja uns hver maður hafði fundið þá kollu sem honum helst hæfði í nafni lýðræðis og vestrænnar frjálshyggju. Að lokum varð allra álit að umskiptin hefðu verið til hins betra og skýringin á þessum sinnaskiptum sú að af náttúrunnar hendi hefðu menn ekkert valfrelsi haft þegar að hárvaxtarlagi þeirra kom. Þeir Íslendingar, til dæmis, sem fæddir væru skrífhærðir, hefðu jafnan orðið að vera það alla sína ævi. Enginn krakki, eða unglundur, þurfti lengur að þola stríðni fyrir að vera rauðhærður. Engin stúlka grét sig lengur í svefn af óánægju yfir hári sínu. Of margir aðrir kostir voru taldir upp. Þeir sem voru bæði bjartsýnir og víðsýnir alhæfðu og sögðu að hér væri á ferðinni enn eitt dæmið um yfirburði mannsins í náttúrunni og frelsi hans frá lögmálum hennar.

Ef fyrir kom á dansleik að maður missti hárkollu sína, var í mesta lagi hlegið létt og gáskafullt því að þetta hefði alveg eins

getað hent mann sjálfan. Rynni hárkolla til á höfði manns við alvarlegar samræður fór að vísu hrollur um viðstadda en enginn lét á neinu bera, nema í mesta lagi að einhver lauk upp munni um að hinar bandarísku hárkollur toldu best. Og ekki leið á mjög löngu uns menn fóru aftur að taka ofan hver fyrir öðrum á götu; fyrst hikandi og létu aðeins lofta undir hattinn. Svo tók að gæta tignar og upphafningar í sveiflunni, meira en nokkru sinni fyrir.

Brunnurinn

„Bíddu!“ heyrði ég kallað.

Ég var á heimleið frá vinnustað. Gekk í vindþræsingi innan frá bænum og út á Eyri, þar var ég að byggja. Eins og oftast stytti ég mér leið yfir óráktina milli hins nýja hverfis og þeirra eldri. Flatt var undir fæti. Ég sá orðið heim þegar aftur var kallað. Ég leit við, sá engan.

Hvergi nokkur maður, ég nam staðar hissa. Mundi svo eftir uppþornuðum brunni í gömlum steinhrauk við leið mína, einhver hefur dottið í brunninn, hugsaði ég og sneri við. Mikið rétt, þegar ég kom að steinhleðslunni og skyggndist niður sá ég ofan á kollinn á manni.

Nokkrir faðmar voru niður að honum og hann sat á einhverju sem ég ímyndaði mér, án umhugsunar, að væri brunnfata, og maðurinn var niðurlútur.

Skuggar féllu á ýmsa vegu frá steinunum í brunnveggnum.

Ég spurði kankvíslega og þó undrandi: „Kallaðirðu?“

Maðurinn var þéttvaxinn. Hann leit upp og í birtunni að ofan virtist feitt, slapplegt andlitið fljóta við rökkurskilin. Hann var tekinn að reskjast. „Já, mér leiðist,“ svaraði hann.

„Hvað er að?“ spurði ég, og fann til þunga skjalatöskunnar í hendi minni.

„Hér gerist ekki neitt,“ svaraði maðurinn í brunninum.

Ég er á leiðinni heim, hugsaði ég. Eftir langan og strembinn vinnudag. Þannig höfðu þeir reyndar verið flestir á bæjarskrifstofunni þar sem ég vann, næstum svo lengi sem ég mundi: heima tæki við kvöldvinna í húsinu. Og hugsaði fyrir mig sjálfan: Þreyttur. Og síðan: Hvað er maðurinn að gantast? Loks: Ég má ekki vera að þessu.

„Ef þú vilt mér eitthvað,“ sagði ég gremjulega, „þá út með það!“ Maðurinn í brunninum svaraði engu, hann var niðurlútur og ég sá lítið af honum annað en þykkan hárlubba sem líkt og flaut ofan á myrkrinu í brunnbotninum. Ég bætti við óöruggari:

„Ég tek fram, að ég kann engin ráð til að koma þér upp, viljirðu það.“

Ég ímyndaði mér að vatn væri í brunninum og ég væri að horfa á spegilmynd mína í vatninu. Ég leit upp fyrir mig á himininn, lit hans, dýptarleysi hans og umhverfis mig á óræktina. Hafði ég móðgað manninn með þessum síðustu orðum?

Eigingirni, hugsaði ég án þess að vita af hverju. Leit aftur niður í brunninn og hrópaði: „Hvað viltu mér?“

Ofan í rökkvuðum sívalningnum keyrðist höfuð mannsins niður á milli herðanna, hann greip fyrir eyrun.

Fráleitt, hugsaði ég. Ég verð að ná í lögregluna. Maðurinn er vitskertur. Skildi svo, að hann var í rauninni varla annað en eyrun eins og ástatt var fyrir honum; ég spurði lægra og af stillingu: „Hvernig komstu niður?“

Brunnurinn var dýpri en svo að stokkið yrði niður í hann áfallalaust, síst að þessi þunglamalegi maður væri fær um það, veggirnir voru svo haganlega hlaðnir að varla var auðið að klifra ofan þá eða upp. Og hólkurinn var of víður til að gerlegt væri að skorða sig milli veggjanna.

Maðurinn leit upp. Orð mín virtust ekki hafa náð til hans. Hann var á svipinn eins og hann hefði búist við að ég væri farinn, yrði nú óöruggari um sig vegna þess að svo var ekki. Hann horfði um stund gegn tilliti mínu, fjarrænn á svip. Að síðustu sagði hann: „Hér var allt öðru vísi umhorfs þegar ég kom.“

Nú jæja, hugsaði ég. Vitlaus ertu. Engum blöðum er um það að fletta. Hefur sloppið af einhverju hælínu, líklega drykkjumannahæli og falið þig í brunninum. Komist niður fyrir slembilukku sem þvílíku fólki fylgir oft. – Maðurinn gæti jafn vel reynst hættulegur.

Ég hló með sjálfum mér og bjóst til að hraða för minni heim án frekari umsvifa þaðan sem ég gæti tilkynnt um manninn. En samtímis setti að mér efa: hann kynni að hverfa í millitíðinni – hvernig sem það mátti verða; og mér hraus hugur við tilhugsuninni. Þeir sem til yrðu kallaðir myndu tortryggja mig og ef svo færi myndi efi þeirra beinast gegn mér og afleiðingin jafnvel að ég yrði sjálfur talinn ekki með öllum mjalla. Ég mátti ekki við því. Auk vinnuálagsins voru lánin, afborganirnar, skattarnir – ég var aðkrepptur, fann ég, þegar ég hugsaði til þessa alls og með tilliti til þess gátu sálfarslegar skýringar á

Þessu atviki, ef ekki yrði komið við vitnum, ekki leitt nema á einn veg. Ég yrði talinn sjálfur hafa bilast af streitu.

Ég yrði að reyna að ná til mannsins hvað sem tautaði.

Hugsaði: Menn gefa alltaf eitthvað af sjálfum sér þegar þeir segja til nafns og geta ekki að því gert. Spurði: „Hvað heitirðu?“

Verð að komast á hans bylgjulengd.

„Konráð,“ svaraði maðurinn.

Án þess að vita hvers vegna spurði ég strax: „Er þér alvara?“

„Sem ég er lifandi maður,“ svaraði maðurinn í nokkrum styttingi.

Ég hafði rambað á réttan tón. „Og föðurnafnið?“ spurði ég.

Andlitið hljóp saman í einbeitisvip og svo riðluðust drættir þess ráðleysislega. En hvorki leit hann niður né heldur stóð hann upp sem hefði þó verið þægilegra ef hann vildi halda uppi samræðum.

Nú reið á að ekki slitnaði upp úr samtalinu, og uggandi um, að ég gengi of langt, spurði ég: „Áttu heima þarna? Ekki efa ég að þú hafir búsetuheimild, en formsatriðin, hjá þeim verður ekki komist þótt þau séu ógeðfelld, oftast nær.“ Ég lyfti skjalatöskunni upp á brunnvegginn og bætti við: „Ég vinn hjá bænum.“

„Á föðurnafn hef ég aldrei heyrt minnst,“ sagði maðurinn.

Hann hafði sett mig út af laginu; þegar ég var til þess búinn að halda áfram talinu hafði hann enn sökkt sér niður í hugsanir sínar og ég sá aðeins á kollinn og móta fyrir öxlunum. Nokkur stund leið án þess að hann hreyfði sig og ég hafði gleymt því sem ég ætlaði að segja, þótti nú sem grágrýtismoli væri á botni brunnsins og enginn maður nærri annar en ég. Mér lá við að hverfa þegar á brott. Þá rauf maðurinn þögnina.

„Heima,“ sagði hann, „ekkert er heima, maður er hvergi eða allsstaðar – hvergi þegar maður er tengdur heimilisfangi og á glugga til að þvo á vorin.“

Í rödd hans var sjálfsmeðaumkunartónn.

„Heyrðu, lagsi,“ sagði ég. „Betra væri að ræða málin hérna uppi. Að vísu ert þú í lygnunni en ég í strekkingnum, en samt væri hagræði í að þú kæmir upp og tylltir þér hér hjá mér á brunnvegginn. Ef við eigum að halda þessu tali áfram. Eins og er stendur aðstaðan öllu viti fyrir þrifum.“

„Ég var að hugsa um að vera hérna þangað til í nótt og bíða eftir tunglinu,“ sagði nú maðurinn í brunninum.

Gremja mín óx uns við lá að ég missti stjórn á mér. Ég tók að skima í allar áttir til að gá að tunglinu. Ofan við skörðóttar húsaradirnar í fjarska, litaðar af kvöldroða, hékk fól sigð þess. Til að hemja mig hugsaði ég: Margur maður hefur horft á mánann í brunnvatni en enginn neðan frá. Mér þótti hugmyndin hreint ekki slæm og brá nú á annað lag.

„Er ekki pláss fyrir fleiri þarna niðri?“ spurði ég.

„Ég var í vafa um hvort tunglið sæist héðan úr brunninum,“ sagði hann og hirti ekki um spurningu mína.

Ég reyndi að gera mér grein fyrir ferli tunglsins um himininn næstu nótt.

„Ef svo færi ætlaði ég að fleygja tauginni yfir sigðarbroddinn, til að komast upp.“

„Hún skærist í sundur,“ sagði ég, líkt og dreymandi.

„Þetta er vír,“ sagði hann.

„Er hvað?“ spurði ég.

„Sérðu ekki botninn?“

„Nei.“

„Nú.“

Maðurinn í brunninum leit upp og brosti og varð eins og fullt tungl í framan. Hann horfði á mig um stund. Síðan sveiflaði hann hendi, og ég hörfaði aftur á bak. Um skiptist, steinstríli umhverfis dönsuðu fyrir augum mér. Og líkt sem í draumi sá ég nakið barn svífa upp úr brunninum og falla niður rétt við brunnvegginn.

Dauðapögn meðan á því stóð.

Fyrirvaralaust hafði slegið um mig ótta sem hafði flökt í jaðri hugar míns frá því ég heyrði kallið frá brunninum, en ég hafði ómerkt til þessa jafnóðum og ég kenndi hans; afbakað hann. Ég hafði á einni andrá gegnsýrst af ótta, gat aðeins hugsað hvort hér væri eitthvað það að gerast sem mér væri um megn að afbera. Eitthvað, sem ég til þessa hefði aðeins haft spurnir af og þá úr blöðum eða séð á skjá en nú þrengdi sér inn í líf mitt án þess að ég eignaðist þá reynslu með öðrum eða þekkti kerfi til að halda frá mér áhrifunum. Ég stóð og skalf og studdi mig við brunnvegginn. Og gullnir lokkar, kringlótt andlit, bústnir útlímur og belgdur kviður höfðu í klúrum dansi límst við sjáöldur mín; aftur og aftur sá ég hreyfingu þessa alls fyrir sjónum mér.

Svo varð vitund mín um víðernið umhverfis sterkari en þessi hughrif og vindstrekkingurinn dreifði athygli minni og óhugurinn rénaði. Ég var aftur með sjálfum mér, steig fram eitt skref. Með herkjum leit ég undir brunnvegginn. Þar lá dúkka.

Maðurinn sagði og í röddinni var afsökunarhreimur: „Maður rekst á börn á ólíklegustu stöðum núorðið.“ Ég sá þetta á brunnbotninum og notaði vírinn til að hafa af mér grun. „En lykkjan sveik.“

Ég virti dúkkuna fyrir mér þar sem hún lá við brunnvegginn, sparn við henni með fætinum.

„Ertu þarna enn?“ spurði maðurinn.

Ég játaði því og rödd mín var klemmd og lágstemmd eins og hún bærisk mér sjálfum gegnum þykkann vegg.

Hann sagði: „Ég kann vel við mig í órækt en mér er illa við uppþornaða brunna. Ég er skáld.“

„Nú,“ svaraði ég.

„Reyndu,“ sagði maðurinn í brunninum, „að grípa hönkina um leið og ég kasta henni til þín. Annars fæ ég hana ofan á mig.“

„Bíddu,“ kallaði ég.

Hengdi maðurinn

Sér til undrunar fann maðurinn í gálganum að hann var ekki dauður og þó var hann búinn að hanga lengi, allir voru farnir heim. Hann fann að súgaði upp um lúguna undir fótum hans og að honum var kalt á fótunum, síðan, að hann var með hálsríg. Verkurinn var megn og kverkar hans voru svo þurrar að hann gat ekki rennt niður. Í rauninni er þetta framhald fánýtt, hugsaði hann, – beinlínis neyðarlegt, því að hendur hans voru bundnar aftur fyrir bak og ef hann hreyfði þær hið minnsta var viðbúið að það hrykki sundur sem af einhverjum ástæðum var enn heilt, við vinding sem kæmi á líkama hans. Þeir höfðu tekið bindið frá augum hans til að nota það á næsta mann sem hékk nú við hlið hans; það sá hann. Furðulegt fannst honum, að hann sá ekki aðeins skýrar en áður heldur var sjónarsviðið víðara, hann sá samtímis beint út frá sér, upp fyrir sig og niður.

Undir fótum hans var holan, svört svo að sá ekki í botn. Ofan við hann blár kvöldhiminn. Sitt hvorum megin óhrjálegir náir í gildum reipum. Framundan voru húsin í þorpinu, kyrrðarleg og hvít; hreinleg. Hann langaði enn til að búa í svona húsi og skildi ekki í hvers vegna aldrei hafði orðið úr því að hann staðfestist eins og aðrir, í litlu hvítu húsi með garðflöt framan við og reykháf, með reglulegum svefn og matartímum. Í staðinn hafði hann lesið sig gegnum líf sitt eins og hnútaletur meðan flestir fóru einfaldari leið, lifðu við það sem fyrir þá var lagt á þann hátt sem alsíða var.

Hann var þó ekki eina undantekningin. Nokkra hafði hann hitt meðan á leit hans stóð sem eins var farið og honum. Honum hafði skilist það af látæði þeirra. En allan tímann var því líkast sem hann lifði bak við hljóðhelt gler; og þeir hver um sig. Hann var ekki einu sinni fær um að greina þá hina frá réttum og sléttum óbótamönnum. Svo var með þá sem með honum hengu, fyrr um daginn hafði hann séð þeim bregða fyrir er múgurinn flutti þá til aftökustaðarins frá útskæklum byggðarinnar, hvern úr sinni átt. Hann hafði heyrt til þeirra úr þvögunni, hróp, köll, ekkert um fram það sem hann var alvanur að votta sem áhorfandi við athafnir sem þessa. Hann hafði numið hljóðin sem

rótgróna, helga siðvenju án þess að gera sér grein fyrir því að þátttaka hans var nú önnur og meiri en áhorfandans. Þennan dag hafði hann upplifað athöfnina innanfrá, kynnst því sem aðeins fáeinum útvöldum gafst færi á, og ekki fyrr en nú að kvöldi gerði hann sér grein fyrir sérstöðu sinni, að hún var alger. Hann sá af svip hinna í gálgunum að hann var einn eftir, einnig meðal þeirra, að sá sem athöfnin var helguð og allt snerist um hafði af einhverjum ástæðum sniðgengið hann einan. Spurningarnar sem höfðu fylgt honum gegnum daga og ár snerust í huga hans enn afkróaðri en nokkurn tíma fyrr.

Hin aldagömlu tákni sem hann hafði glímt við að ráða eins og siðvenja mælti fyrir um menn eins og hann, vitandi af margræði þeirra. Særingar nefndust táknið eftir því sem venjan bauð og það var hið eina vísa um þau. Af táknum sjálfum hafði honum aldrei tekist að nema annað en, óljóst, mynd sem hann ætlaði sjálfs sín og var sérstæðari en svo að hann gæti borið sig saman við aðra sem eins var ástatt um. Menn sem hver um sig höfðu tamið sér samskonar málfar og hann hafði gert. Samkvæmt allra trú yrði sá sem kynni að ráða táknum rétt ódauðlegur og ódauðleikinn næði einnig til fólksins. Þess vegna afbar fólkið þessa menn á sína ómeðvituðu vísu en réðist með sama hætti einnig gegn þeim þegar þolinmæðina þraut og festi þá upp.

Hann grunaði að hann væri orðinn ódrepani í stað þess að öðlast ódauðleika eins og boðað var, og það vaknaði með honum hneykslun yfir ástandinu. Hann hafði heldur ekki komist nærri því að ráða táknið eftir því sem hann best vissi. Með því að snúa aftur til lífsins við þessar aðstæður forsmáði hann í senn vilja meiri hlutans og aldagamla hefð.

Þannig hugsaði maðurinn í gálganum og var undir niðri að vona að ekki færi að hvessa því að við því mátti hann ekki. Af mikilli varfærni brá hann öðru hverju fingrunum á böndin fyrir aftan bak, hnúturinn var ofan á úlnið þeirrar handarinnar sem innar var, hann komst ekki að honum. Í staðinn reyndi hann að liðka böndin. En hann var of máttfarinn til að hann kenndi nokkurs munar þrátt fyrir viðleitnina. Hann mátti ekkert á sig reyna þá fór hjartað að hamast í brjósti hans og hann náði ekki andanum. Hann gafst upp á að losa böndin og tók að reyna að lyfta fótunum upp á skörina. Hann var sokkinn upp að hnjám í myrkan svelginn og hann myndi varla ná að tylla nema tánnum á pallinn þótt hann glennti sundur fæturna eins og hann gat og

væri fær um að lyfta hnjánum. Það reyndist örðugast. Hann skaut út rassinum til að halda jafnvægi, glennti út fæturna og reyndi að kreppla hnén. Öndunin stöðvaðist og hann lét fæturna síga. Löng stund leið, síðan gerði hann aðra tilraun án árangurs og var sem snöggvast líkur könguló í þræði neðan í trjágrein. Og nú leið yfir hann.

Himinninn var heiðskír og sólin var að setjast. Í holtinu ofan við gálgann vöppuðu hrafarnir. Hann rankaði við sér og var nú óglatt. Þessu er lokið, hugsaði hann. Ef ég æli, kafna ég. Hann reyndi að anda reglulega. Og þó umfram allt að hugsa ekki um sjálfan sig en það var ein þeirra reglna sem giltu meðal þorpsbúa og hann hafði verið undanþeginn um langa hríð; nú reyndi hann að taka upp hugarfar þorpsbúanna þótt seint væri. Hvað sé ég? hugsaði hann. Þarna er stúlka að gefa hænsnum korn, þarna menn að járna hest. Þarna er kona að tala við aðra yfir grindverk. Á nokkrum stöðum rýkur úr strompi. Þarna hittast maður og kona, hugsaði hann. Þau ganga inn götuna (harðtroðna, með sorprás eftir henni miðri) hverfa fyrir horn. Nokkur stund líður. Nú koma þau í ljós aftur á hliðargötu, hverfa, koma í ljós. Hann fylgdist með þeim tveimur inn þriðju götuna, skuggum, og missti svo sjónir af þeim. Kvöldið er kyrrlátt, veðrið milt og blítt. Bláir litir yfir fjöllum í fjarska. Og engjar og akrar handan þorpsins með grænum gróskublæ þótt sumarið sé varla hafið.

Vegna hrafnsins myndi eftirlitsmaðurinn koma um miðnætti og taka náina ofan úr gálganum og aka þeim á handvagni sínum í líkgeymslu grafarans.

Hann hafði átt hvítan hrafn. Þegar hann var lítill hafði hann reikað um holt og móa, oftast lengra en hinir og út á skjön við hópinn. Eitthvert sinn hafði hann rekist á fuglinn, hálf stálpaðan, alfiðraðan en ófleygan, hann hafði náð honum og haft með sér heim án þess að kunna á fuglinum frekari deili.

„Hvítur hrafn!“ sagði heimafólkið. Sumir spáðu gæfu, aðrir ógæfu, en allir voru á einu máli um að hann skyldi sleppa fuglinum og það gerði hann.

Undir vetur fannst fuglinn dauður. Honum var sagt að aðrir hrafnar hefðu drepit hann. Minningin um hvíta hrafnninn fylgdi honum upp frá því og sérsinni hans óx. Á unglingsárunum tók hann að venja komur sínar á þorpstorgið þar sem kaupmenn falbuðu vörur sínar og kennimenn fóru með þulur sínar og

kviður. Hann tók að hlusta eftir orðum kennimannanna og mælti þá máli þrátt fyrir að fólk virti honum það til vansa því málvernd þorpsbúa, meirihlutavilji og lög, kváðu á um að vitundarstíg manns mætti ekki vaxa um fram greind, svo menn tækju ekki upp á því að hugsa það sem þeir ekki skildu sjálfir. Óheimilt var að halda uppi samræðum við þessa ræðumenn nema á mállýsku þeirra sjálfra sem gaf ekki færi á öðru en þjálfun í síðum þeirra og sérvisku. Eftirlitið sá um að velsæmis væri gætt, og það stuggaði honum burt af þorpstorginu margsinnis. Samt gerðist hann svo laginn við að beita mállýsku þeirra sem á torginu töluðu að hann náði að gefa til kynna nýjar hugsanir með málfari þeirra; óljósar og með þvílíku orðahröngli að vakti undrun og jafnvel ótta ræðumannanna sjálfra, hvað þá eftirlitsins sem greindi ekki, vegna takmarkaðs skilnings á hvað fyrir lá, hvort tiltalið færi að settum venjum.

Orð og orðaröð voru framandleg og því dýpra sem menn sökktu sér í fræðin þeim mun firrtari urðu hinir sömu skilningi á málfari þorpsbúa. Enda var tími kviðanna annarskonar en þorpsbúa; að því hafði maðurinn í gálganum komist. Tíma þorpsbúanna mátti líkja við kúlur sem snúast hver innan í annarri, kúlur sem umlykja hver aðra og hver annarri stærri, allt frá hinum smágerðu þörfum til hinna stærri dags og nætur og hinna umfangsmeiri árs og ævi. Kúlurnar snertast ekki og þar fullkomnaði ekkert hvað annað, en heldur sinni eigin merkingu, hinni sömu um aldur og ævi. Tími kviðanna var aftur á móti sögulegur, hann hafði framgang og náði fullkomnara stigi eftir því sem lengra leið. Þær fjölluðu um menn sem lifðu í slíkum sögulegum tíma. Sumir fyrir eigin tilverknað og voru þá taldir hetjur. Aðrir fyrir þróun og voru þá álitnir vitrir.

Leið hans hafði oftsinnis legið um torgið, en hugur hans var bundinn hrafninum hvíta í þeim ferðum sem endranær. Sjálfur var hann meðal fræðimannanna á torginu sem stakur hvítur hrafni því hann hélt áfram að skynja tákinn í hinum náttúrlega tíma þorpsbúanna en kaus ekki að raða þeim saman í mynstur sem lytu einhverskonar rökum. Vegna hrafnsins hvíta var honum sama um allan tilbúning. Hið einstæða verður aldrei annað.

Maðurinn í gálganum horfði á sólina setjast og hafði aldrei áður upplifað slíka litadýrð, þvílíkan leik ljóss og lita sem nú

bragaði á himni fyrir þöndum sjáöldrum hans. Af munnmælunum vissi hann að næsta dag myndi verða gott veður; mikill kvöldroði gefur það til kynna. Gult, rautt, grænt, blátt; litirnir streymdu frá sólinni upp til himins og inn yfir jarðbrúnina líkt og þessi aflstöð, sólin, sem til þessarar stundar hafði blandað liti sína af fullri nákvæmni, hefði sprungið af ofgnótt; þorpið maraði nú í purpurarauðu flóði og djúpsævilegri kynngi þessa flóðs, dumbbláu þar sem flos gróandans bar í það. Fjöllin voru ekki lengur jarðbundin, en þrátt fyrir það þungbúnari, stoltlegri en nokkru sinni fyrr en þó fergð undir marrauðri birtunni sem ekki virtist lengur þarfnast ljósgjafans heldur fyllti skörð og lægðir, streymdi upp tinda og ofan þá, hvíslaðist, sýndi. Út við sjónarrönd hafði sólin þrútnað um miðju við þrýstingsfallið og sendi nú í sístækkandi hringum frá sér lítaflóð sem hún steypiti yfir heiminn.

Blár himinninn hafði þá verið gerður úr föstu efni eins og hann hafði alltaf grunað þrátt fyrir fullyrðingar þorpsbúa um annað. Nú hafði himinninn brotnað og brotin hrönnuðust upp. Handanheimsleg sýn vitraðist honum á þessari stundu: Vættirnir Skópnir og Óskópnir sem kviðurnar boða að muni hittast í fylling tímans. Án þess að skilja hvor annan horfast þeir í augu. Nú fellur bliku dauðans yfir landið; snöggvast titra litirnir líkt og undan losti, svo bregður fölva á himin og hauð, yfir fjöllin. Því er líkast sem þeir streymi hratt til baka út að sjónarrönd þar sem sólin hvílir bliknuð, útbrunnin, en komist ekki alla leið, ekki náandar nærri því; fölvinn gagntekur þá næstum í sömu andrá og afmáir þá. Það er eins og ekkert hafi gerst. Ekkert hefur gerst.

Maðurinn hangir dauður í snörinni.

Mjölsónata

Ég er sonur malarans á hæðinni. Hvern dag þegar sólin skín leik ég mér við lækinn við mylluna okkar. Það eru gul strá við lækinn, þurr strá, og þegar vindur er marrar þunglega í mylluvængjunum og skrifáfar í stráunum við lækinn. Litli bróðir minn drukknaði í lóninu neðan við mylluhjólið í fyrra. Hann hafði blá augu og sólskinshlátur, hann litli bróðir minn. Stundum vildi ég ekki leika mér við hann. Mamma bakar oft pönnukökur, og við hjálpuðum henni. Á veturna, þegar kalt er, sit ég við hlóðirnar í eldhúsinu og tálga. Ég hef gaman af að tálga. Ég á marga fugla og fólk, sem ég hef tálgað. Það er á hillu við rúmið mitt. Við hlóðirnar finnst mér skemmtilegast að tálga á veturna þegar mamma er að vinna í eldhúsinu. Hún bakar fyrir konurnar í þorpinu. Hún er með hvíta svuntu á maganum með mjeli á og mjelugar hendur. Hún velti deiginu á borðinu, hnoðar í kökur á plötur og setur í ofninn. Þegar snjófok er úti á kvöldin og skröltir svo draugalega í mylluvængjunum uppi, þá þori ég stundum ekki að vera einn í herberginu mínu. Pabbi er oft niðri í þorpi á kvöldin að spila dómínó við karlana á kránni. Svo ég fer fram í eldhús, og mamma segir mér sögu eða ég spyr hana um eitthvað, sem ég skil ekki, og hún segir mér það.

Það er alltaf stór eirpottur á krók uppi yfir hlóðunum. Mamma bræðir flotið í honum. Hlóðirnar eru svartar innan af sóti. Öðrum megin er steinn sem ég sit á. Oft er ekkert annað ljós í eldhúsinu en birtan frá hlóðunum. Þá er alveg myrkur uppi við bitana í rjáfrinu þar sem kjötkrofín hanga og rauð birta yfir fjalaborðinu þar sem mamma hnoðar deigið. Það er mjög svæfandi. Jeg dotta oft við hlóðirnar, og stundum hef ég sofið lengi og mamma hefur sagt mér langa sögu meðan ég svaf. Hún horfir oft ekki á mig, hún mamma, þegar hún er að tala, lítur hún stundum upp og á dökkan vegginn fyrir framan sig, þar sem myndin af Maríu mey og Jesúbarninu er. Hún segir mér sögur af því þegar hún var ung og þegar pabbi var í riddaraliðinu. Einu sinni drap hann mann í einvígi og einu sinni var hann tekinn til fanga. Svo spyr ég hana um hitt og þetta og hún segir mér það.

En ég má ekki spyrja hana um litla bróður, því að þá líður mömmu illa þó að hún svari mér. Ég sé það á því, hvernig skuggarnir á andliti hennar verða fleiri og dýpri. Litli bróðir er dáinn og farinn til guðs þar sem honum líður vel. Ég fæ að sjá hann seinna. Stundum þegi ég lengi og mamma heldur að óg sé niðursokkinn í að tálga og er sjálf að hugsa. Þá er ég að horfa á hana. Ljósið frá hlóðunum, sem gerir hendurnar á mér hvítar og gular, gerir hendurnar hennar flekkóttar. Þær fljúga upp og niður yfir borðinu eins og tveir fuglar, af því að peysan hennar er dökk og rennur saman við myrkrið. Ég fer þá ósjálfrátt að hugsa um stráin við lækinn þegar vindur er. Einnig vanginn hennar og hárið, sem er í hnút í hnakkanum, breytist þegar hún hreyfir sig, og þótt hún hreyfi sig ekki, gljáir margvíslega á hárið og andlitið síbreytir um lit, gulbrúnt, öskugrátt, brúnrautt, allavega á litinn, af því að eldurinn hreyfist í hlóðunum. Það er fallett. Ég tálga líka stundum þvottaklemmur til að gera eitthvað til gagns á kvöldin og sel þær í þorpinu. Stundum held ég að mömmu leiðist, af því að ég tala ekki eins mikið og hlæ og litli bróðir, svo að ég reyni að vera eins og hann, stundum, og hlæ hástöfum. En það tekst einhvern veginn ekki og mamma segir mér að vera ekki með þessa uppgerð. Svo á eftir, af því að ég verð eitthvað svo skríttinn á svipinn, þá er hún góð við mig og klappar mér og þá er allt gott aftur. Ég er oftast sofnaður, þegar pabbi kemur heim, ef hann hefur farið niður í þorp. Þá talar hann stundum mjög hátt. Ég heyri oft, að hann talar um þegar hann var í riddaraliðinu. Mamma segir: Uss, vektu ekki barnið; svo talar hann lægra. Annars talar hann aldrei um það, þegar hann var í riddaraliðinu. Í það minnsta ekki við mig. Ég hef stundum spurt hann. Þá verður hann öflugur og segir mér að þegja. Pabbi er góður maður. Hann segir mér kannski stundum að þegja og fleira, en það er af því að hann er þreyttur. Mamma segir það. Það er snarbrattur stigi upp á loftið, þar sem pabbi malar kornið. Það hefur verið gengið svo oft upp og niður stigann, að þrepin eru orðin skálalöguð og þunn í miðjunni, en þykk og gljáandi í endana. Mamma sópar oft stigann. Hún segir að ég skuli ekki sitja í honum, því þá fái ég flísar í mig. Það er alltaf mikið ryk uppi. Ég vil helst ekki vera þar. Ég hósta af rykinu og mér þykir óþægilegt að fá mjelið á mig. Það fer inn í fötin mín og það marrar í því og mig klæjar undan því. Stundum verð ég samt að vera uppi og sópa hýðinu saman í hauga og bera það niður í pokum. Við getum hvort eð er ekki talað af því að hávaðinn er

svo mikill og pabbi er alltaf alveg upp við steinana. Annars mundi ég spyrja hann um margt sem mig langar til að vita. Mig langar líka til að segja eitthvað svo að hann brosi. Stundum gerir hann það og klappar mér á kollinn og kallar mig litla sauðinn sinn. Það er mjög gott. Þegar við borðum þá talar hann stundum við mig. Við tölum öll saman. Ég fæ eitt glas af rauðvíni, því sama og pabbi og mamma drekka. Það er strákur neðan úr þorpinu, sem hjálpar pabba við þreskinguna. Hann ber upp pokana, og við hjálpumst stundum við að moka hýðinu í pokana uppi. Svo fer hann með þá niður og staflar þeim á vagninn. Þeir eru seldir í svínabúinu niðri við þjóðveginn.

Hann er langur, strákurinn, sem hjálpar pabba, með útstandandi eyru og asnalegur. Ég segi honum það oft af því að hann er leiðinlegur. Hann er alltaf í fýlu og montinn. Hann hrekkir mig stundum þegar enginn sér til. Einu sinni velti ég fullum poka ofan á bakið á honum. Hann sagði, að ég hefði hryggbrotið sig og kлагаði fyrir pabba. Svo var ég skammaður. En ef ég kлага hann er ekkert sagt af því pabbi má ekki missa hann. Það eru svo fáir sem vilja vinna svona verk, þegar þeir geta unnið við vínyrkjuna. Hann er alltaf í sömu fötunum. Skyrtan hangir í poka framan á kviðnum á honum og rassinn í buxunum nær langt niður, næstum niður í hnésbætur. Ég held, að hann sé heimskur. Hann fer stundum með brauðið með sér niður í þorpið á kvöldin. Annars fer ég með það. Það er mjög sjaldan. Kannski einu sinni í viku. Í mesta lagi tvisvar. Það er gaman. Konurnar í húsunum gefa mér stundum eitthvað gott. Stundum gefa þær mér rúsínur eða jarðarber eða hindber. Þær eru fallegar, sumar, í sléttum og alveg hreinum fötum. Það er allskonar fólk.

Hjá einni konunni er eitt herbergið með bréfi á veggjunum með myndum af allskonar blómum. Þegar ég verð stór ætla ég að setja svoleiðis bréf á veggina hér í myllunni. Ég verð nefnilega malari eins og pabbi. Afí var líka malari. Þegar ég kem með brauðið eru krakkarnir í þorpinu oft að leika sér á götunni. Þeir hafa mjög hátt. Það er oft mikill hamangangur í þeim. Þeir reyndu nokkrum sinnum að taka af mér brauðið. Svo var þeim bannað það. Ég leik mér stundum við þá. Mjög sjaldan. Þeir vilja oftast láta mig gera leiðinlegustu verkin. Þeir halda alltaf hópinn og geta oft verið að leika sér. Þeir segja að ég sé druslulegur og skítugur. Það er ekki satt. Svo ég leik mér einn við lækinn í staðinn. Þegar ég hef skilað af mér brauðunum, þá

fer ég aftur upp eftir. Stundum þegar jeg labba upp hallann er sólin að setjast bak við mylluna. Þá er himinninn allavega á litinn eins og vanginn á mömmu við ljósið frá hlóðunum. Það er mjög fallett.

„Veit ég vel hvar vaðið er

...“

Hann sá fyrir sér vatnsborðið í gryfjunni eins og það hafði legið fyrir sjónum hans á löngu liðnum árum, hann sat við gluggann og beið þess að eitthvað birtist handan götunnar, í skini götuljósanna, mannsmynd, einhverskonar lífsmark, hreyfing; og þó ekki væri nema bifreið á ferð um regnvota götuna. En hann sá ekkert né fann annað en ljóskeilur götunnar sem héldu náttmyrkrinu í skefjum, ógegnumþrengjanlegum annarleik þess.

Raddirnar í huga hans voru þagnaðar en hann vissi nú fyrir víst að hann var dauður, kannski hafði hann drukknað í skolbrúnni tjörninni fyrir löngu. Einhver hafði komið og sveipaði hann líni ofan frá höfði og niður á tær, og næstum jafn skyndilega svipt burt hulunni aftur. Og hvað? Hann var horfinn. Hann fann ekki til sín. Eftir sat þó sannfæringin um að um sjónhverfingar einar væri að ræða; hann væri enn til staðar, að vísu ómerkjanlega en óhagganlega.

Að baki hans kom kona inn í herbergið; hún gekk hljóðlega og mynd hennar birtist í rúðunni fyrir framan hann. Hún spurði hann hvort hann vanhagaði um nokkuð. Hún steig skrefi lengra, opnaði fingerðan hnefann, og lagði tvær pillur á borðið fyrir framan hann. Hún beið svars en hann lét sér nægja að virða fyrir sér mynd hennar í rúðunni. Hann lifði meðal lifenda með öðrum hætti en þeir gerðu, hann gat hvorki farið né verið og konan var horfin honum eftir að hafa boðið honum góða nótt. Við götuljósið handan götunnar beið vinur hans sem horfið hafði honum mörgum árum fyrr.

Bendillinn tifar á hvítum grunni eins og merki úr ísauðn, séð úr mikilli hæð. Hann fann sem snöggvast til undrunar að hafa skrifað þessa skáldlegu líkingu um sálarlausan vélbúnaðinn fyrir framan sig, fannst sem sér hefði borist boð og að bakvið þil innra með honum leyndust mannlegar hneigðir, geta til undrunar, en ekki bara tilfinningar sem engu tengdust, engu sérstöku, tilfinningar sem lægju eins og klakabráð á myrku vatni

upp við stálþil stíflu sem honum var ekki ljóst hver hefði byggt eða hvaða tilgangi þjónaði. Og þá var hann skyndilega farinn að spyrja bendilinn um sjálfsveru sína í þessum grúa einskisleika, sem fjötraði huga hans og ýfði forvitni hans án þess að markaði hið minnsta á þeim furðum sem við honum blöstu. Ég á ekki orð, sagði hann við sjálfan sig, ég á ekki orð. Og hann hringaði sig utan um líðan sína sem hann kunni ekki að gera sér grein umfram það, að hún var þarna, hún var hann, seiðingur sem hann gat ekki svo mikið sem reynt að losa sig við, hvað þá að hann kynni ráð til þess. Líklega hyrfi hann þá sjálfur. Nei, það var ekkert tilefni til greinaskila. Svo hann hélt áfram að binda sig við það sem hann var að gera, fastur í heimi orðanna og vænti að hann gæti öðlast eigin sjálfsvitund. Vænti að hann öðlaðist tilfinningaskyn á við það sem algengast gerist með fólki. Ekki var nú krafan stór. Innan stundar verður fíringin alger, og hvað gerist þá? Skipti það máli? Ekki ef hann fyndi sér skilyrði til sjálfsvitundar utan við hin venjulegri samskipti fólks.

Hann slökkti á tölvunni og stóð upp frá borðinu. Undanfarnar vikur hafði móleitum bjarma frá skjámyndinni stafað órofið um skálann milli þess sem hann sat við hana og skrifaði. Myndin var af klettaristum frumbyggja í norður Noregi, sóldýrkendur á forsögulegri tíð. Hann gekk að herbergisdýrunum og var svo umleikinn kvöldbirtu, settist á bekk á verönd sunnan við húsið og fann að hann var ekki með sjálfum sér; að hann hefði ekki verið það lengi, kannski aldrei. Að hann var einn í eigin húsi og að hann var lifandi og vitandi um að hann var einn meðal margra þótt hvergi væru nærri. Og tíminn leið. Þaðan sem hann sat á veröndinni sá hann í fjarska bíla, þeim brá fyrir í svipsýn, þeir voru á ferð á mörkum lífs hans og vits og hann kunni varla skil á því hvort voru þarna eða hvort þeir voru innprentun ein í huga hans. Hann var jafnvel efins um að munur væri á þessu tvennu. Nú stóð hann upp af bekknum og steig fram á hellurnar undir fótum hans. Og hann gekk áfram yfir garðflötina, tróð sér í gegnum runna og var komin á einskismannsland milli húsa. Hann stikaði yfir órækt uns vægan eim af olíu bar fyrir vit hans. Hann nam staðar við vegkantinn. Á hraðbrautinni fyrir framan hann skutust bílar til og frá og fjarlægðust hann uns þeir voru orðnir líkastir leikföngum. Hann var á leið burt. Hann stóð við hraðbrautina og veifaði bíl sem nálgast hann.

Í skini kvöldsólarinnar sá hann sem snöggvast vangasvip ökumanns bregða fyrir innan við glampandi bílrúðu. Bíllinn

staðnæmdist ekki heldur hélt jöfnum hraða og hann spurði sjálfan sig um vonbrigði en fann ekki til neins. Annar bíll kom úr sömu átt og síðan sá þriðji en hvorugur ökumannanna dró úr hraðanum þótt hann veifaði af vegkantinum. Svo fór maðurinn að veifa bílum í hina áttina. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir til að stöðva bíla lagði hann af stað gangandi meðfram vegkantinum. Hann hætti að gefa bílunum gaum sem ýmist nálgudust að baki hans og juku ferðina á beinum vegkafla framundan eða stefnan var í gagnstæða átt og bílar hurfu að baki hans eftir að hafa dregið úr hraðanum og svo aukið hann á ný.

Hann sneri baki í fjallakvosina og þorpið og hélt áfram göngunni inn á malarslóð og kom að girðingu sem þveraði slóðina. Hann klofaði yfir girðinguna og framundan honum lá mikið vallgróið sléttlendi í dýpkandi kvöldrökkri. Hann hélt áfram eftir slóðinni uns hann var kominn á mýrlendi á báða vegu við hann og eftir að hafa gengið enn um hrið sá hann blika á vatnsflöt. Fuglum brá fyrir í námunda við hann með snöggum hljómi sem hvarf næstum þegar. Hann hélt áfram eins og vegurinn vísaði og þegar nær dró vatninu tók sefgresi við á báðar hendur. Fuglakliðurinn við vatnið var samfelldari. Hann var á treyjunni þegar hann yfirgaf húsið þótt orðið væri áliðið og nú fann hann fyrir nætursvala frá vatninu og það setti að honum hroll. Hann var í strigaskóm og honum var létt undir fæti á göngunni þrátt fyrir ójafnan malarslóðann. Hann hélt áfram uns hann kom á vatnsbakkann.

Hann kom að hrörlegan kofa á bakkanum og nokkru síðar gekk hann fram á bryggjustubb neðan við kofann. Arabátur lá bundinn við bryggjuna og árar láu á þóftunum. Kvöldsólin var horfin bak við heiðina í vestri og útsýnið handan vatnsins var runnið saman við rökkrið. Honum skildist af ummerkjum að einhver hefði verið þarna nýlega. Hreistruð stígvél lágu við kofadyrnar og fleira sem minnti hann á löngu liðna tíð án tilvísunar á fólk sem hann hefði þekkt eða umhverfi þar sem hann hefði dvalið.

Hann steig ofan í bátinn og losaði kaðalinn úr stefni hans, settist undir árar, greip áralagið og reri frá bryggjunni og fann hversu vel honum lét að sitja undir árum án þess að hugleiða það frekar. Skvamp heyrðist þegar vatnið sullaðist yfir árarar og kunnuglegt hljóð barst honum í kvöldkyrrðinni, hann heyrði að klinka var dregin frá kofadyrunum og hurð svipt upp á stirðum hjörum. Snöggklæddur maður birtist í myrkri gættinni og

hraðaði sér niður á sefgrónum vatnsbakkann. Í hendi sér bar hann skotvopn og hann kallaði eitthvað til mannsins í bátnum án þess að sá greindi orðaskil. Maðurinn í bátnum herti róðurinn og sá á bakkanum beindi að honum skotvopninu. Maðurinn í bátnum heyrði hljóð frá vatnsborðinu í námunda við sig eins og svipt væri sundur lérefti með snöggu átaki og svo nam hann hvell og í samri svipan mikið vængjablak. Fuglar sveimuðu yfir höfði hans og hann sá manninn framan við kofann hverfa handan við rökkurskil með byssuna í höndunum. Sá í bátnum reri taktfast og sköllin frá fuglunum hljóðnuðu og ekkert heyrðist lengur annað en gutl frá árunum. Sá sem sat undir árum hafði dignað í fætuna af kjölvatninu í bátnum.

Kofinn og ábúandinn voru horfnir sjónum ræðarans allnokkru áður en hann renndi að landi handan vatnsins. Hann dró bátinn upp á sendinn jarðveginn og skildi við hann þar, gekk svo af stað í beina stefnu við þá sem hann hafði komið úr. Hefði hann verið spurður á þessari stundu hvort hann væri á flóttu og þá frá hverju, hefði hann hiklaust svarað neitandi og hann hefði ekki fengist til frekari orðaskipta um erindi sitt ef eitthvert var. Hann stikaði áfram beint af augum um sef og vallendi uns jarðvegurinn varð sandorpinn og upp úr honum stóðu melgrasskúfar.

Á göngunni hugsaði hann um hringrás daganna. Hann hafði átt sér stundir á kránni í þorpinu, setið einn yfir björglasi. Löngu var liðinn sá tími að eitthvað sótti á huga hans við slík tækifæri. Eitthvað var öðru mikilvægara, að álitu hans, en sterkar tilfinningar voru honum ekki af hinu góða, heldur viðveran ein sem ekki gáraði yfirborð hugarins, né raskaði rósemd ásýndar hans sem hann leit í speglinum á snyrtingunni heima í húsinu í þorpinu. Á göngunni nú sá hann til bæja á báðar hendur sér langt í fjarska og framundan malbikaðan sveitarveginn þvert á leið hans. Hann stikaði yfir veginn og inn á milli sandhólanna framundan, vaxna melgresi. Hólarnir byrgðu honum útsýni til hafsins en hann vissi af því, víðfeðmi þess. Hann settist niður handan vegarins og lét líða úr sér eftir gönguna og átökin við róðurinn. Stöku sveitabýli voru sýnileg, það glytti í hvít húsin. Í vestri var þegar tekið að bjarma fyrir nýjum degi. Hann greindi þorpið sem kúrði í svefnværð í fjallakvosinni þaðan sem hann hafði lagt upp fyrir einhverjum klukkustundum síðan. Neðan við veginn var skilti. Hann vissi að á það var letrað „Öll meðferð skotvopna bönnuð!“

Hann gekk af stað inn á milli hólanna, öslaði þurran sandinn uns víðáttan opnaðist fyrir honum á báðar hendur; hafflöturinn framundan svörtum sandfláka. Og það var svalara, næðingsamara nú fyrir opnu hafi en handan sandhólanna. Hann stóð hreyfingarlaus stundarkorn þar sem hann var kominn því líkt sem heillaður af hvítri morgunbirtu út við sjónarrönd sem hann vissi að myndi innan tíðar hrekja burtu rökkrið að baki hans. Svo hristi hann af sér stjarfann sem á hann hafði fallið, hann stikaði yfir sandinn niður í flæðarmálið og áfram viðstöðulaust út í vatnið af sömu einbeitni og hafði rekið hann áfram á göngunni og við róðurinn og við tölvuna undanfarin dægur og vikur uns hann missti fótfestuna og tók þá að svamla á móti gráðinu, hann tók sundtök uns alda færði hann á kaf. Svo hreif sögið hann með sér á haf út.

Og morgunsólin flæddi yfir hafflötinn líkt og á gull sæi.

Risinn

Ég hef ferðast yfir fjöllin sjö. Ég hef siglt um úthöfin. Ég hef gist söfn þar sem jafnvel rykið var letur. Loks hélt ég burt frá bókum, mönnum, í leit að enda veraldar þar sem risinn gnæfir. Einn bræðranna fjögurra sem halda uppi himninum.

Sá í norðrinu hlýtur að hafa frá mörgu að segja.

Ég braut skip mitt í landinu nafnlausu. Ég veit nú að ég er kominn alla leið. –

Ég stend við fætur risans og heyrir dimma rödd hans berast mér að ofan. Ég mæni upp á við, ég legg við hlustir.

Þú kemst ekki lengra, segir hann. Gildir armarnir hverfa í skýjabólstrana. Svo dregur frá og ég sé andlitið, líkt og steinrunnið uns hann hleypir brúnum. Ekki nema þú takir við af mér, segir hann og brosir ekki þrátt fyrir fáránleika orðanna. Nei, steinandlit brosa ekki.

Ég reyni að sýnast borginmannlegur þrátt fyrir hráslagann sem umleikur mig. Mér er hrollkalt.

Ég get vel verið hér, kalla ég, mér liggur ekkert á til baka. Hef hvort sem er ekki að neinu að hverfa. Mér sýnist hann ekki gefa orðum mínum gaum. Einnig ég ber þunga byrði á herðum mínum, kalla ég. Nú hlýtur hann að brosa. En nei, hann gerir það ekki. Kannski heyrir hann ekki. Það væri ekki undarlegt, svo mikil er fjarlægðin í milli okkar þótt ég standi við tærnar á honum, kuldabláar. Hann þyrfti ekki nema lyfta fæti og þá væri lokið þessu fáránlega ferðalagi mínu á heimsenda.

Vindurinn nærðir um okkur báða.

Hann gerir sig ekki líklegan til að hafast neitt að. Kannski hefur hann gleymt mér. En mér finnst ég eiga inni hjá honum orð. Það er þá ekki að neinu að hrapa þótt hann reiðist mér.

Þú hlýtur að hafa orðið margs vísari allan þann tíma sem þú hefur staðið hér undir ábyrgð þinni, hrópa ég. Má ég spyrja þig spurningar?

Það er því líkast sem fjallstindur kinki kolli þegar hann hneigir klunnalegt höfuðið. Axlasítt hárið er líkt og frosið við naktar herðarnar. Klæddur skinnbrók að neðan. Hver veit? Kannski af risaeðlum.

Ég veit hvað þú vilt, rymur hann á móti rómri röddu, þreytulega. Sem snöggvast óar mér við því myrkri sem við mér blasir þegar hann nemur í sundur tennurnar, opnar munninn. Og nú hlær hann.

Tign mannsins, segir hann og napurlegt tónfallið berst langt út í bláa víðáttuna að baki mér, út yfir frosinn hafflötinn, alla leið þangað sem saman renna opið haf og himinninn sem hann heldur uppi. Ég veit allt um hana, bætir hann við. Þú leitar hennar og það þótt þú vitir að hún er engin til.

Hann muldrar, röddin ber hvorki með sér samúð né ertni, en það helst að honum sé innilega sama um allt. Ekkert snerti hann þó minna en mannleg þrákelkni.

Þú leitar þess sem ekki er til, endurtekur hann. Þú ert ekki til.

Ég reyni að afbera kaldhæðnina í von um að eitthvað meira upplífandi komi á eftir, og hann heldur áfram áhugalaus um hvort ég heyri eða skilji. Ég nem mál hans, djúpan hljóminn, nærfellt eins og nið úr jörðinni langt undir fótum mér, neðar frostgráum klöppunum. Orðin læsa sig um mig eins og væru þau sannfæring mín sjálfs, seidd fram fyrir tilstuðlun raddar úr steini.

Hægt og tilþrifalítið segir hann; blælausum rómi: Héðan sem ég stend sé ég heimshorna í milli. Ég sé bræður mína þrjá, hvern með sitt horn himinsins á herðum sér. Ég sé allt aftur í árdaga, fótfrá dýr á ferð um gresjur, fima apa klifra í trjám, hvali svamla um höf, örn og albatros á sveimi undir himni mínum. Og þessi er ein líkn við þraut minni, hún gefur mér tilgang og afþreyingu í tímalausri veru minni. Það að fylgjast með lögmálsbundinni framvindu alls sem lifir. Utan mannsins.

Risinn þagnar líkt og hann sjái eitthvað í fjarska sem fangað hafi athygli hans á þessu augnabliki, hann bítur saman þunnum vörum og myrkrið undir brúnum hans verður enn þéttara.

Hann beinir máli sínu til mín sérstaklega og er nú áleitinn, hvefsin orðin þrengja sér að hlustum mínum: Þú átt ekki að vera hér! Hann hirðir ekki um tilraun mína til útskýringar, en heldur áfram: Að því hlaut samt að koma. Ég hef séð til ykkar, reglubrjótanna. Hef fylgst með framferði ykkar frá fyrstu tíð. Hvernig geturðu verið svo glapinn, maður, að halda þig æðstan alls sem lifir, einstakling, þegar allar afurðir þínar, saga þín öll, er sprottin af fari hienunnar. Afmán meðal jafningja, naktari en nokkur önnur lífvera, varnarlaus afæta í eigin garði sem meðal annarra dýra. Í mannheimi þínum hefurðu gert ummerki volæðis þíns og fallvaltleika hugarheims þíns að hinu æðsta; listir sem

spretta af listum, menn sem þrífast á mönnum. Saga kyns þíns varð til fyrir getuleysi ykkar manna að vera þið sjálfir. Ólíkt því sem gildir um aðrar dýrategundir fáði þið ekki við ykkur ráðið heldur rjúfið borgarmúra, brjótið musteri og guðamyndir sem öðrum mönnum hafa verið verkfæri í viðleitni þeirra að komast frá sjálfum sér. Berjist hverjir við aðra og skráið svo sögu þess alls, sannfærðir um að sérstæðið vitni um mikilleika ykkar. Þið haldið ykkur jafningja ljóns og pardus en líttu til hienunnar, þess hláturdýrs hrjóstranna, viljirðu sjá jafningjann og þótt heimspekingar segi annað. Það er ekki til sá hundur sem ekki er meiri mannþekkjari en helstu heimspekingar og skáld ykkar mannanna. Hundurinn er manninum líkur og skilur það af vísdomi sínum; hann sér ykkar réttu mynd, þessi förunautur ykkar um eyðimörk sjálfsblekk-ingarinnar. Hann nemur skyldleikann, lævísinn er af sömu art, getuleysið til að vera heill og hinn sami alltaf. Hundurinn þarfnast mannsins til að öðlast trú á sjálfan sig og þannig er maður gagnvart menningu, sama hverri; menn þarfnast menningar til að finna til sín og þrífast, mennt-unar til að heyja lífsbaráttu hverjir við aðra. Spurningin er ekki hver þú ert. Hverskonar hálfgildingur þú ert í raun réttir. Heldur er þörf þín óviðráðanleg að brjóta öll lífslögmál; þrífast í blekkingu.

Risinn þagnar og um stund heyrði ég ekkert nema gnauðið í vindinum sem var megn þó hann næði ekki að hræra hár hans. Og ég nam hjartslátt sjálfs mín. Nú lækkaði hann róminn svo ég mátti hafa mig allan við til að greina orðaskil. Hann sagði: En einnig hienan, hundurinn, maðurinn, gammurinn þurfa að vera til og líka einhvern tíma hætta að vera til svo að samræmi og margbreytileiki hafi sinn gang. Þið greinið merkingu og mismun í marklausu flæði lífs ykkar og sögu og kallið framfarir. En trúðu mér. Það hefur ekkert gerst á ferli mannsins fremur en kýrinnar frá því fyrst að þessar lífverur urðu til. Ykkur bara sýnist það. Ykkur bara finnst það. Saga ykkar og yfirburðir eru skynvilla skilningarvita ykkar, hæfileiki sem þið voruð gædd til sálfsblekkingar til að vega upp á móti hugleysi ykkar. Dýr merkurinnar stara á ykkur af skilningi og samúð meðan þið leggið undir ykkur heimkynni þeirra til að reisa í henni borgir. Alltsaman feluleikur. Þau vita það!

Hugleysi, sagði risinn af enn frekari festu og leit ofan. Skilurðu það? Annaðhvort hafið þið engan hug eða svo sveigjanlegan að ekki stenst samjöfnuð við önnur dýr. Líf ykkar

er rugl. Þú telur ef til vill vott um hugprýði þína að þú ert hingað kominn alla leið að fótum mínum – til þess þá að fræðast eða hvað? Þörfin fyrir feluleiki sýnir ekki hugdirfð heldur getuleysi til að una við sitt. Komdu fram í eigin nafni!

Risinn lyfti fæti og sagði um leið: Nú er sannleikurinn að draga menn uppi og þá haldið þið að öllu sé að ljúka. Mengun og siðleysi, ég veit allt um það. Nei, þið sleppið ekki þótt þið þykist hafa gengið vel frá hnútunum. Sú tíð er að renna upp er ykkur mönnum lærist að þekkja sjálfa ykkur. Þið eruð ímyndun ykkar sjálfra.

Gæslukonan

- Hver gerði það?
- Ég er ekki skyldug til að svara spurningum yðar.
- Ég vil bara fá að vita, hvað það átti að þýða að mála bílinn minn.
 - Við hérna vinnum að barnagæslu. Við erum ekki skyldug til að svara neinum spurningum.
 - Þið hafið leyft börnunum að klína hvítri málningu á bílinn minn. Sérðu ekki að það eru stórskemmdir?
 - Mér kemur það ekki við. Leyfist mér að benda yður á, að þér hafið troðið yður í það pláss, sem mér er ætlað. Ég efa rétt yðar til þess. Ég kem til baka, eftir að hafa verið að sinna skyldustörfum mínum, og hvað finn ég? Yður sitjandi í mínu plássi. Og í staðinn fyrir að víkja þegjandi burt, eins og yður ber þó skylda til, farið þér að tala við mig. Sjáið þér ekki, að börnin drekka í sig allt, sem okkur fer á milli?
 - Ég biðst afsökunar.
 - Nei, mér ber engin skylda til að hlusta á yður. Þér eruð í mínu plássi, það er allt og sumt.
 - Ég bið yður afsökunar. Ég vissi ekki, að þér hefðuð setið hérna.
 - Hvað veit ég, hvað þér hafið sagt við börnin, meðan ég var í burtu.
 - Ég var bara að spyrja þau, hver hefði klínt hvítri málningu á bílinn minn.
 - Hugsa sér! Þér hafið enga sómatilfinningu. Þér gætuð hæglega spillt margra ára fórnfúsu starfi. Yður stendur á sama um það. Þér ættuð að spyrja sjálfan yður, hvaða erindi þér eigið eiginlega hingað.
 - Mig vantaði autt svæði, þar sem ég gæti lagfært bílinn minn. Ég þurfti að dytta upp á boddíið á honum og síðan ætlaði ég að mála hann.
 - Eins og ég segi, ég hef mínum störfum að gegna. Þér ættuð ekki að vera hér.
 - Mér gremst mest að það er búið að gera, það, sem ég ætlaði mér að gera. Það hefur verið gripið fram fyrir hendurnar á

mér. Sjáðu árangurinn. Sjáðu bara. Hann stendur þarna fyrir allra augum. Málningin dekkar ekki einu sinni á honum. Áferðin er misþykk. Og það skín allsstaðar í gegn í gamla gráa litinn. Ég get ekki sætt mig við þetta.

– Mér ber engin skylda til að líta í þá átt, sem þér bendið. Sjáið þér ekki, að þér valdið mér og börnunum óþægindum með þessu tali? Farið þér, þangað sem þér komuð frá, maður. Fær maður ekki einu sinni frið til að gegna skyldustörfum sínum? Það er ekki gert ráð fyrir yður hér. Ég er í raun og veru ekki að tala við neinn. Samkvæmt tilgangi þessa staðar eruð þér ekki til. Þér hafið í frammi hreinan og beinan ruddaskap. Þér gerið mig að viðundri frammi fyrir börnunum. Ég verð að segja, að, það er til fólk, sem er mjög tillitslaust.

– Ég hef enga löngun til að spilla verki yðar, ungfrú. En hvar á ég að leita réttar míns?

– Eins og ég segi, þér hafið engan rétt. Þér eruð réttlaus hér.

– Ég vil fá að vita, hver klíndi málningunni á bílinn minn. Börn eiga ekki að komast upp með slíkt. Það er mín skoðun.

– Skoðanir yðar eru ekki til á þessu svæði frekar en þér sjálfur. Sýnið skynsemi, maður, fyrst ég er farinn að tala við yður á annað borð, sýnið í það minnsta, að þér séuð mannlegur. Þér valdið mér stórkostlegum óþægindum. Ég er gæslukona, og mér ber að vernda börnin fyrir öllum annarlegum áhrifum. Fyrst þetta svokallaða tal hefur teygst svo úr hófi, get ég fullt eins sagt yður, að ég sé í yður aðvífandi hættu. Já, þér eruð hættulegur. Samt geri ég mér vonir um að ég geti höfðað til manndóms yðar að því marki, að þér hafið yður á burt og valdið ekki meiri skemmdarverkum en þegar eru orðin.

– Ég er enginn níðingur. Ég er hæglátur maður, sem hefur ánægju af að gera hlutina fallelgri en þeir eru. Mig var búið að dreyma um að gera bílinn minn glampanði hvítan. Og sjáið þér nú hvernig búið er að fara með hann. Það er ekki það að ég sé spjátrungur, sem vilji sýnast með því að aka um í fannhvítum bíl. Nei, en þekkið þér ekki þessa hrislandi tilhlökkun eftir að vinna verk sem hefur umbætur í för með sér? Þér hljótið að þekkja það, þér eruð uppeldiskona. Að sjá við hverja pensilstroku bílinn verða fallelgri og fallelgri. Svo allt í einu stendur hann þarna ljómandi hvítur, og þetta hefur maður allt gert sjálfur. – En sjáið þér ekki hvernig er búið að fara með hann: hann er reykgulur, og gráminn skín allsstaðar í gegn. Hann er eins og kýrvömb. Hann er hræðilegur. Ég get aldrei gert hann

eins góðan og ég ætlaði. Það verður að skafa þetta allt saman af. Ég verð aldrei búinn að því.

– Ef þér eruð að reyna að vekja samúð mína þá skuluð þér ekki vera að því. Og ef þér hafið einhverjar kvartanir fram að færa út af einhverju þarna úti á túni, sem ég alls ekki get skilið, en ég er nú bara eins og hver önnur gæslukona – þá verðið þér að leita til forráðamanna þessa staðar. Hins vegar verð ég að ítreka við yður, að þér haldið yður og þessum bíl yðar frá börnunum.

– Ég ætlaði ekki að gera börnunum neitt . . .

– Þér hafið þegar – gert margt sem haft getur ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ég geri mér far um að tala af hreinskilni. Þér beinlínis neyðið mig til þess að halda áfram að tala við yður. Þess vegna hlýtt ég að segja að börnin eru hér til þess meðal annars, að forða þeim frá að verða fyrir áhrifum frá fólki eins og yður. Ég aðhyllist þá kenningu, að enginn sé svo slæmur að upplagi að ekki megi gera úr honum nýta manneskju með góðu uppeldi. Ég hlýtt að segja eins og er, þér eruð skýrt dæmi um mann sem hefur hlotið slæmt uppeldi.

– Mig langar bara til að vita hvaða börn gera svona lagað. Ég hélt fyrst að það væri til að ná til forráðamanna þeirra og láta þá borga skaðann. En nú sé ég, að það er tilgangslaust.

– Eins og ég segi, leitið til forráðamannanna . . .

– Ekki svo að skilja, að ég hafi ætlað að skamma þá eða þau. Ég get vel skilið, að aðstaða mín er veik hér. Það er ekki hægt að heimta af börnum, að þau hagi sér eins og fullorðið fólk. Mig langar bara til að sjá hverjir gerðu þetta. Hvort það hefðu til dæmis verið frísklegri og fjörlegri krakkarnir í hópnum. Ég veit ekki, – líklega til að bera þau saman við hin. – Til að sjá hvort eitthvað væri sameiginlegt með þeim börnum sem ekki gerðu það. Auðvitað getur maður aldrei séð mun. – Hvort ef til vill væri lítinn dreyminn hnokki, og í hvorum hópnum hann væri . . .

– Nú fyrirbýð ég yður að halda áfram.

– Já, ég skal fara . . .

– Því farið þér ekki?

– Vitið þér hver klíndi málningunni á bílinn?

– Þér eruð þrjár.

– Hm, vitið þér það?

– Þvílíkur dagur! Er ekki nóg að hafa suðið í krökkunum í eyrunum þó ekki komi fullorðið fólk og fari að suða í manni líka?

- Segið mér það og svo skal ég fara.
- Almáttugur að ég skyldi hafa orðið barnfóstra. En ekki veitir af, fyrst sumt fólk stundar skemmdarverk á því sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér.
- Hvert barnanna klíndi málningunni á bílinn minn?
- Eins og ég sagði yður . . .
- Ef þér viljið ekki svara þá get ég hæglega þekkt þau úr sjálfur á málningarslettunum. Þau geta ekki hafa komist hjá því að sletta á sig málningu.
- Hér eru engin óhrein börn.
- Ég get hvenær sem er farið um völlinn og tíni úr þau börn sem unnu verkið, þau eru merkt.
- Þetta hefur verið úthugsað hjá yður. Já, yður hljóta að hafa verið ljósar frá byrjun afleiðingarnar af því að skilja eftir bíl á barnaleikvelli ásamt málningardós og pensli.
- Nú er ég farinn.
- Þetta hefur verið úthugsað hjá yður. Þér svífist einskis.
- Kallið á börnin hingað og látið þau sem klíndu málningunni rétta upp höndina.
- Ég bið yður, hlífið börnunum við því að þurfa að horfa á lögregluna fjarlægja yður.
- Þér vitið vel, að áður en þér næðuð að koma því í kring hefðuð þér komið af stað keðju atburða sem hver um sig gæti orsakað alvarlegar sálarflækjur hjá börnunum.
- Jæja, ætlið þér að svara?
- Yður er ekki sjálfrátt.
- Þá skal ég svara fyrir yður. Þér máluðuð bílinn sjálfar!
- Ég er næstum farin að hafa gaman af yður.
- Og þér voruð að koma rétt í þessu frá því að þvo af yður klessurnar. Þér skilduð sloppinn eftir inni af því að það voru klessur í honum. Eða hvers vegna eruð þér ekki í slopp eins og hinar gæslukonurnar?
- Haldið þér að allir séu á móti yður? Finnst yður, að þér séuð ofsóttur?
- Kannist þér ekki við mig? Hugið yður vel um. Ég er nýi húsvörðurinn og hef borðað við sama borð og þér undanfarna þrjá daga. Þó að þér borðið eins og skepna með andlitið ofan í disknum án þess að tala við nokkra manneskju, hafið þér ekki getað komist hjá því að verða mín varar.

– Ég þoli yður ekki. Látið mig í friði. Þér eruð viðbjóðslegur. Ó, hvar er ráðsmaðurinn? Ég þori ekki að fara frá börnunum. Verið þér nú ekki svona andstyggilegur.

– Ég spyr yður enn einu sinni: Voruð það þér, sem stálust í málninguna mína, sem ég ætlaði að gera bílinn minn svo finan með, og klínduð hann út og gerðuð hann svona herfilega ljótan?

– Ég þoli þetta ekki lengur. GARÐAR! GARÐAR!

– Já, kallaðu bara á pabba.

– GARÐAR!

– Já, hvað er að?

– Ég fæ ekki frið fyrir þessum manni.

– Hvaða erindi eigið þér hingað?

– Ég er húsvörðurinn, maður. Þekkið þér mig ekki?

– Í hreinskilni sagt, nei.

– Ég ætlaði að mála bílinn minn, og atvikin höguðu því þannig að hann stóð þarna yfir á flötinni óvarinn. Og nú, þegar ég ætla að fara að hefja verkið þá hefur þessi ungfrú farið í málninguna – verri en nokkur óviti . . .

– Við hlustum ekki á neitt rugl hér.

– Með þessum hræðilegu afleiðingum. Sjáið þér maður! Ég næ þessu aldrei af.

– Ég verð að biðja yður að víkja af lóðinni.

– Ég er í fullum rétti hér. Ég er húsvörðurinn.

– Við höfum engan húsvörð. Svona, farið þér nú.

– Látið þér mig vera. Ég má þó taka bílinn.

– Þér eigið engan bíl hér. Svona!

– Auðvitað á ég bíl hér. Verið þér ekki með þennan æsing.

– Ætlið þér að hypja yður?

– Hann stendur þarna yfir á flötinni. Látið þér á, maður. Þarna, þar sem krakkarnir eru að leika sér. Sjáið þér, þau skríða upp á hann. Veslingarnir, nú verða þau öll hvítflekkótt líka. Yður getur þó ekki staðið á sama um það.

– Svona! Hypjið yður strax.

– En bílinn minn. Skiljið þér ekki mælt mál?

– Æ, hættu þessu leiðindarugli. Það er enginn bíll þarna nema gamla flakið sem krakkarnir leika sér í. Þér eigið það víst áreiðanlega ekki.

– Ég verð að fá bílinn minn, svo að ég geti skaffið hann upp og málað hann.

– Ég gef yður eitt tækifæri til að fara sjálfviljugur.

– Hann er það eina sem ég á.

- Ungfrú, ef til vill hafið þér viljað vel. Játið bara það.
- Svona komdu hérna.
- Já, komdu. –
- Þér ætluðuð að vinna verkið fyrir mig. Það er út af fyrir sig þakkarvert.

II

Fjármálamaður

Ég fann fremur en áður til óvinsamleika stráksa og nú var grynna á ögrunum, stutt atvik. Ég giska á að verið hafi vegna þess að hann var í fermingarundirbúningi fyrr í dag.

Ég fór í gönguferð um Árbæjarsafnið með H og úskýrði tengsl gamla og nýja tímans fyrir honum. Veit af reynslunni að það er rétta leiðin að þeim aspergerseinhverfa; röksamhengið. Það sem venjulegum krökkum leiðist í fari fullorðinna hentar þeim asp.einhverfu. H er athugull, skýr. Hann datt á heimleiðinni inn í tal um snjóhús, sem hann sagðist einhvern tíma hafa byggt ásamt fleiri krökkum og hélt sig við umræðuefnið sem var ímyndun ein hlýtur að vera því hann hefur aldrei átt neina féлага utan heimilis síns um ævina þótt hann sé kominn á unglingsár. Hvað þá byggt snjóhús með öðrum. Eitthvað bjó í þessu tali hans nú sem ég ekki skildi. Að lítilli stundu liðinni var hann eins og oftast kominn inn á fjáröflunarleið, helsta áhugamálið. Svo var hann kominn á heimavöll; var farinn að leita að aðferðum til að útiloka samkeppni með vafasömum hætti.

Þegar við komum heim að einbýlishúsi fjölskyldunnar í nýju hverfi við Elliðavoginn var húsbóndann heima eftir vinnu og sjúkrahúslegu. You look like a shit, datt mér í hug – en sagði ekkert.

Dekrið. Og svo hitt að stjórnandann vantar algerlega í líf H. sem er ruglaður af skilningsleysi á sjálfum sér og allra á honum. Eða hver veit af hverju.

Ég hef ákveðið að punkta niður hjá mér nú og framvegis samskiptin (eftir að hafa skilað af mér greinargerð til BUGL um síðasta skjólstæðing).

Ég reyndi að gera H. grein fyrir mikilvægi vinsælda fyrir hann eins og aðra. Einnig fyrir tengslum gamla tímans við þann nýja. Hlaut litlar undirtektir, ef nokkrar. Ef þú ekki hlustar á það sem við þig er sagt verður þú alltaf einn, sagði ég við dræmum undirtektum hans.

Hann lét duga að svara skýrt og afdráttarlaust: Ég verð alltaf einn!

30. Þriðjud. Ég fór í bíó með stráksa. James Bond, ég í annað sinn. Myndin vitlaus og vitlausari en áður að því er mér fannst. Stráksi talaði um fornbíla allan tímann í bíóferðinni, í óvitlausu samhengi þegar ekki blönduðust fjármál í spjallið. Enda er hann vel fyrir ofan meðalgreind.

31. jan. Ég var í vinnunni hjá Féló frá 36 í dag. Fór með H. í bæinn, gekk vel en grunnt er á kláminu hjá honum.

Kannski vottaði fyrir tilfærslu áhugans. Leituðum að Víkingaspili í bænum.

Fimmtud. Fundur verður næst hjá BUGL föstudag 23. Rætt verður bréf sem ég sendi stjórninni. Áætlun um samræður við föðurinn. Leitaði að lesefni.

Sunnud. Ég sat og spilaði Landnámsspil við stráksa sem vann eins og fyrri daginn. Eftir spilið talaði ég svolítið við hann almennt um mannlíf og menningu útfrá spurningum hans. Ekkert óráð að þessu sinni, eða hvað? Nei, það getur ekki talist.

Sá ekki föðurinn fremur en áður.

Mvd. (7. feb.?) Ég fór með stráksa í myntsafn Seðlabankans. Mitt uppátæki, peningar eru hans áhugamál númer eitt. Bílar númer tvö. Engin vandræði að fá að skoða þótt ekki sé opið fyrir almenning. Síðan leiðangur um bæinn, gangandi og akandi, í leit að hinum einu sönnu kleinuhringum. Svo heim til hans. Við spiluum sama spil og áður. Yngri bróðirinn er áhugalaus um skólalærdóm sinn enda skilningslaus á tilgangi hans. Hann er greindur ofvirkur. H er skitsó samkvæmt geðlækni hjá BUGL. Mér er boðið að ræða skjólstæðinginn við geðlækninn einu sinni í mánuði. Faðirinn er hagfræðingur og vinnufíkill; hið síðara kannski fyrst og fremst til að forðast heimilisvandann sem er aðalega fríkið. Eldri son sinn sem lítur út eins og Presley, klæðist eins og franskur sjómaður fyrir öld, gengur á skófrollum sem löngu hafa glatað öllu sniði og annað er eftir því, glottir eins og klámhundur sé ekki verið að tala við hann í fyrirlestrartón og er hverja stund líklegur til að stökkva útundan sér eins og púki Sæmundar fróða, hafi ekki verið lagt fyrir hann

fjarstæðuverkefni eins og segir af í sögunum af Sæmundi, þúkum hans og hljóðpípu.

Laugard. Stuttur göngutúr. Samtal. Ég komst nokkuð áfram með það. Hann virðist kunna vel við sig í þéttofnum orðasveim mínum og vera sama um hvert umræðuefnið er. Strákur gerir sér grein fyrir því að hið sérlegasta í fari hans sjálfs eru úrræði hans við hræðslu við tilvist sem virðist í engu vera sniðin að þörfum hans heldur í besta falli mun eldri manns. Við spiluðum Matador fyrir orðastað hans. Hann svindlar þegar hann heldur sig geta komið því við. En hann hefur betri hlið: bendir mér á úrræði í spilinu og verður þá fullorðinslegur, kennaralegur.

14.2. Mvd. Strákur gengur í skóla við Bústaðarveg, þar sem eru átta eða níu nemendur. Skólinn er hálfhulinn af kjarrgróðri. Ekki hefur verið hægt að kenna þessum krökkum með venjulegum hætti en eru skólaskyldir samkvæmt námsskrá. Þá daga sem hann er í umsjá minni er ég einn með honum uns móðir hans kemur heim af vakt. Hún er hjúkrunarkona. Í dag brá svo við að piltur opnaði fyrir mér eins og maður með orðunum að tími væri til þess kominn. Fram að því hefur hann stokkið burt eftir að hafa opnað og falið sig í einhverjum kima hússins sem er stórt og líkara skúlptúr en húsi, á því fimm inngangar. Hagaði sér svo eins og vitfirringur sem hann auðvitað er, fyrst eftir að hann gaf sig fram.

Eftir að hann kemur heim úr skólanum eldar hann sér spakettisúpu, alltaf sömu tegund sem móðuramma hans sér um að aldrei þrjóti. Tilbreyting í mataræði er honum ógeðfelld eins og í öðru. Strákur var ræðinn í dag, spurull framar venju og fremur jákvæður.

Ég fór með hann á bílasölu eftir að hann hafði jafnað sig um stund uppi í herberginu sínu yfir Presleyplötu. Ég skoðaði með honum Ceroki jeppa sem hann hafði áhuga á. Eftir heimkomuna ræddi ég við móður hans um föðurinn sem vinnur fram á kvöld á skrifstofu sinni annars staðar í bænum. Hún segir hann sýna syninum meiri áhuga í seinni tíð. Áður kom hann strákunum báðum yfir á hana og bar fyrir sig mikið vinnuálag. Hagfræðingur sem starfar við endurskoðun. „Verð að skaffa annars sparkar konan mér!“ segir hann við mig í kveðjuskyni þegar hann sér mig og er rokinn. Glæsileg kona myndi Wagner hafa sagt.

Strákurinn er ótæmandi sjóður af óvæntum uppákomum. Hann stígur danspor á gljámáluðu steingólfinu í stofunni sem bíður parketsins eins og önnur gólf í húsinu. Grendel í hinni fornu *Bjólfskviðu*, hugsa ég. Þegar hann ber við að hlaupa hoppar hann eins og hrafn. Í herbergi hans á efri hæðinni er mikil lofthæð og gluggar efst eins og í vita. Hann setur títt Presleyplötu á fóninn eftir heimkomuna og gönguna yfir Elliðaárdalinn. Á gólfinu er vaxdúkur með bílabrautum og þar á bílar, dinkitojs. Hann andvarpar: „Ég vildi að Presley væri þabbi minn!“ Hann er kominn á fermingarárið en einlægnin er samt mun yngra barns. Hvers er ætlast til af mér? spurði ég fulltrúa Féló áður en ég tók að mér verkefnið. Svárið var: Þú átt að fara með strákin í bæinn og kenna honum að vera innan um fólk.

Þabbinn ekur á fornbíll með bresku heldrimannasniði. Ég skil að minnsta kosti áhuga stráksins á fornbílum og einnig óseðjandi ástríðu hans eftir peningum sem hann talar um af ekki minna viti en þegar blæs í seglin fyrir seðlabankastjóri í sjónvarpinu.

16. feb. laugard.

Strákur var með leiðinlegasta móti. Spurning hvers vegna. Ég reyni ekki að svara. Spiluðum. Fórum fyrir mín orð niður á Miklubraut í heimsókn til föðurafans sem býr þar einn í eigin íbúð, grannur eins og langhlaupari og mesti orðhákur. Hann veit allt um lása. Auk þess hefur hann komið sér upp gríðarstóru safni af úrklippum úr dagblöðum síðustu áratuga sem hann geymir í vönduðum skjalaskápum í stofunni. Þegar ég kom þar fyrst bað hann mig um að tilgreina fréttæfni svo langt aftur í tímann sem ég vildi og ég hefði áhuga á. Bókhaldið er tvöfalt. Ég fletti úrklippunum sem hann rétti mér og fannst svo nærtækast að spyrja: „Hvers vegna ertu að safna þessu?“ Svárið kom þegar: „Fyrir fólk!“ Hann glotti kalt og það ískraði í honum glettnin.

Svo var farið í kjallarakompu hans, það allra helgasta með orðum hans. Inn á dimmum ganginum opnar hann geymslu þar sem vel er sýnt frá glugga og loftljósi og við mér blasir lykласafn á spjöldum sem þekja stóran hluta af kompuveggjunum; lykлар af öllum stærðum og gerðum, gamlir, aðrir nýlegri og það svo að hundruðum skiptir. Í skókössum í hillum eru sennilega líka lykлар. Og lásar. Hann sýnir mér verkfæri lásasmiðs, tangir og tól, hlustunartæki læknis. Hann tekur fram úr hillu talnalás sem greypur er í viðarkubb og myndar sneiðmynd. Hann útskýrir

fyrir mér innvirkið. Uppi í stofunni tekur hann fram stafla af vönduðu tímariti á gljápappír í stóru broti, bandarísku, sem eingöngu fjallar um lása.

Hann segir mér sögur af því þegar hann hafi verið kvaddur á vett-vang og allt komið í hönk fyrir lögreglunni, eða í banka eða fyrirtæki þar sem ekki reyndist unnt að borga út launin því peningskápur fyrirtækisins hafði hlaupið í baklás. Og hann leysti vandann.

21. feb. Ég fór í gærkvöldið ótilkvaddur og ræddi við föður H. á skrifstofu hans. Ég kom á staðinn og ég lagði margt til mála en hann sagði fátt. Samkomulag varð um framhald tilsjónarmennsku minnar með frekari þátttöku hans sem ég setti að skilyrði fyrir áframhaldi á afskiptum mínum að syni hans.

Í dag lauk ég við grein um einhverfu og asp. Ég lét föðurinn hafa eintak.

H hélt uppteknum hætti meðan ég stóð við heima hjá honum, talið var ofbeldifengið. Við spiludum Matador og hann sýnir svo mikla útsjónarsemi við gatnakaupin að ég efast ekki um að hann eigi eftir að verða bankastjóri, jafnvel fjármálaráðherra.

Veðrið var á mörkum þess að ég færi í vinnuna, hvassviðri og skafrenningur.

22.2. Mánaðarlegur fundur í morgun á Barna og unglिंगageðdeildinni á Dalbraut með geðlækni vegna H. Í dag hélt ég yfir honum fyrirlestur um kviður Hómers og hann hlutstaði á mig eins og skynugur smákrakki sem heyrir í fysta skipti söguna af Mjallhvíti.

2.3. 96. Heimilið er strákssa verðbréfaspil; ég sé það á honum þótt hann segi það ekki. Ég hef verið að reyna að vekja áhuga hans á bílvélum. Kannski reynist hægt að koma honum að á bílaverkstæði þegar fram í sækir. Hann er bæði stór og sterkur eins og ég ímynda mér að bifvélavirkjar eigi að vera.

Í morgun, laugardag, las ég á Þjóðskjalasafninu í Prestaævum Sighvatar Borgfirðings um föðurfólk H, tvo presta vestan úr Djúpi.

Ég fór í gær, mánudag 4. mars, í Dalbrautarskóla til að tala við kennara og sálfræðing H. sem er einn og sami maður. Ekkert

gagn var að því hvað H. viðkemur en verkefnið er forvitnilegt fyrir mig almennt séð. Maðurinn virtist hafa lítinn áhuga á fyrirbærinu. Sáli sýndi mér skýrslu sem staðfesti grun minn um, að H. hefði reynst ofbeldisfengnari en mér hafði verið trúað fyrir. Skýrslan er að mestu tekin upp athugasemdalaust eftir umsjónarfólki á Dalbraut. Einnig sýndi hann mér færslu um H í dagbók sinni sem mér þótti forvitnilegri.

6.3. Ég fór með H. á hamborgarastað. Vandræðalaust. Enginn vitleysisgangur. Eftir að heim kom til hans spiluðum við Verðbréfa-spilið.

Pabbinn hefur lítið hirt um þá lesningu sem ég lagði fyrir hann. Undirtektirnar eru meira í orði en verki.

Farið er að anda köldu frá húsmóðurinni sem ekki er sátt við að ég fékk að skyggast í dagbók sálfræðingsins.

Laugard. 9.3. Ofbeldisórar um konur og um manndráp. Viðmótið er gott þrátt fyrir talið, jafnvel alúðlegt. Ég kem alltaf fram við hann eins og heilvita mann. Líklega hefur hann aldrei upplifað slíkt áður frá utanheimilismanni. Rök duga best, finni hann veilur hjá mér hikar hann ekki við að benda mér á þær. Nú var fyrirlestur minn um Carlos hryðjuverkamann – frá sjónarmiði Carlosar!

Við fórum í verslunarleiðangur í Kringluna; skoðuðum leikfangabíla. Ekkert var keypt.

Enn var það Landnámsspilið eftir heimkomuna. Allt var fyrirfram skipulagt af hans hálfu um mína hegðun við spilamennskuna. Foreldr-arnir ætlast til slíkrar vélmennsku af mér. Líklega verða tilsjónarmenn framtíðarinnar vélmenni; alltént þeir sem sinna asp.einhverfum sem hann er hvað sem aðrir segja um það.

Ég fékk afhentar reglur Féló um umgengni við skjólstæðinga sem líkjast því að verið sé að temja dýr.

Laugardagur 13.mars. Fundur í gær á Dalbraut ásamt foreldrum H fyrir mín orð. Framlag fundarstjórans var í einu orði sagt klúður.

Hitti stráak einan heima laugard. 16., skv. venju. Hann var nokkuð upprifinn í fyrstu, en það fór fljótt af eins og verið hefur í seinni tíð. Við fórum, að tillögu hans, í bæinn í vorlegu veðri, á

Bæjarins bestu. Gengum gegnum miðbæinn. Þegar við erum á ferð í miðbænum skerum við okkur frá einhæfum bæjarbragnum, einkum þó hann, bæði fyrir slittingslegt göngulag hans og hávært talið. Bíllinn varð eftir á planinu við Höfnina. Allt gekk vel. Við förum svo í leiktækjasal í Kringlunni sem hefur mikið aðdráttarafl á H. Strákur skoðaði sig um en ég lét honum ekki eftir að keppa við mig í aksturshæfni því hætt er við að hann greini ekki milli leiks og alvöru. Svo förum við í heimsókn til móðurömmunnar, skýrleikskonu sem talar við drenginn af einurð en er lítt hvetjandi, enda er varla hægt að ætlast til þess. Heima hjá honum var þar eftir spilað fjárhættuspil sem hann hefur að mestu samið sjálfur og ég átta mig alls ekki á þótt ég létist gera það í þetta sinn.

Nú gerðist það að faðirinn gaf sig á tal við mig að fyrra bragði. Þetta eru tímamót sem staðfesta að fundurinn á Dalbraut hefur heppnast hvað hann snertir og hvað sem öðru líður. Líklega er einhver samnefnari kominn í þessi samskipti mín og fjölskyldunnar þótt mér sé ekki ljóst hver þau kunni að vera.

20. Ég horfði ásamt H. á sjónvarpsupptöku af Stöð tvö um dreng sem myrðir foreldra sína – með hníf! Myndin telst vera játning sem tekin er upp með leyndri upptökuvél. Morðinginn jatar á sig fleiri morð. Næst kom mynd um barnanauðgara, flest var sýnt annað en líkamlegt samræði. Einnig aðrar misþyrmingar á börnum. Tilviljun hlýtur það að vera að drengurinn í fyrri myndinni er líkur H. í útliti og heitir sama nafni og hann. Sýningin fór fram með vilja móðurinnar eftir að H. hafði sagt við mig niðri í eldhúsinu yfir spagettisúpunni að næst myndum við horfa á mynd um vonda stjúpum. Ég hafði ekki horft á sjónvarpið með honum fyrr og þetta kom mér á óvart. Þegar við komum á stigapallinn bar hann sig upp við móður sína sem gerði ekki aðrar athugasemdir en þá að ekki væri víst að ég kærði mig um að sjá þáttinn og beindi þeim orðum til sonarins en ekki mín. Hún hafði sjálf tekið þetta sjónvarpsefni upp kvöldið áður. Ég lét ekki eftir mér að vera með aðfinnslur – Móðirin hefur verið gaddfreðin í framkomu sinni við mig eftir fundinn á Dalbraut og ég tók þetta sýningarhald sem ögrun við mig.

Þegar ljóst var að stjúpinn í myndinni hafði nauðgað tólf ára gamalli fósturdóttur sinni bakvið luktur dyr leit H. á mig og

sagði í spurnartón: „Vondur faðir?“ Ég gaf merki um samþykki og fór niður í stofu.

Ég held að það sé orðinn vilji föðurins að ég sinni þessu starfi en eitthvað frumstæðara togar í móðurina. Allir aðrir sem til þekkja hafa orð á því að vel hafi gengið með H., ekki síst ber faðirinn mér vel söguna sjálfur núorðið. Ég held hún sé afbrýðisöm!

23. Ábending til sálfræðingsins:

Ég hef jafnan notað orðið einhverfa í samtölum okkar Höllu geðlæknis vegna H. með tilvísun á ódæmigerða einhverfu. Þetta sameiginlega sjónarhorn gerir samræður okkar Höllu um hann mögulegar hvað sem líður pappírnum sem segja drenginn skitsófren. Á fundinum með foreldrunum fullyrti móðirin að H. hafi aldrei verið álitinn einhverfur – og undir það tók Halla á fundinum. Þær segja báðar að um geðklofa sé að ræða sem er rétt svo langt sem það nær. Hann er samt einhverfur.

27. mvd.

Veðrið hefur verið ágætt undanfarið. Sérlega gott gönguveður í dag. Fyrst ræddum við H um að fara í bíó en af því varð ekki. Hann stakk upp á keilu og hafði fengið peninga til þess frá móður sinni. Við fórum í Mjódd.

H. var mjög ör síðast þegar ég kom á heimili hans, mikið tal um ofbeldi, morð, nauðganir. Ég talaði hann niður með mínu lagi en það var erfitt. Hann þurfti nú nokkurn undirbúning fyrir fjölmennið. Presleylögum í herberginu sínu og samtali okkar í milli um bíla. Við gengum heiman frá honum yfir í Mjódd.

Þegar við komum inn í spilasalinn voru þar tveir strákar úr Fossvogs-skólanum, báðir óþverralegir! Allir þrír urðu eins og hundar undir réttarvegg þegar þeir höfðu áttað sig á nærveru hvers annars. Ég sá ekki annað ráð en að skipa H. út sem hann hlýddi en hinir eltu og voru orðnir ærið illilegir enda espaði H. þá eftir getu. Við fórum inn aftur eftir að þeir höfðu skammast sín í milli og sefast svo. Félagarnir tveir komu sér fyrir á næstu braut við okkur í keilunni. Allt fór að ganga betur þegar skipulag var komið á.

H. átti erfitt með að hætta leiknum þegar að því kom enda er hann dæmigerður aspi.

Margt var talað.

Ekki óskemmtilegur dagur en erfiður.

Ég skiptist á nokkrum orðum við pabbann eftir heimkomuna. Hann reynir nú af fullri alvöru að vera jákvæður. En konan virðist verða að sama skapi óörugg um stöðu sína í samhenginu. Pabbinn talaði um að fara sjálfur í keilu með H. Skyldi hann láta verða af því?. Ég notaði tækifærið og reyndi að koma H upp skárri skófatnaði. Hann hefur verið búinn til fótanna eins og flakkari í grínleikriti síðan ég fór að ganga með honum úti. Hefur ekki viljað fara í aðra skó en þessar blöðrur sem hann hefur gengið úr allt útlit.

H. sýnist mér komast næst sjálfum sér í gönguferðum okkar um Elliðaárdalinn. Orðatiltæki hans eru lýsandi um hann sjálfan. Um gamlan mann sem hleypti ketti inn með sér í hús sitt ofan við rafstöðina. „Nokkuð góður karl.“ Og frumleiki drengsins er ekki lítill. Stundum er það Kobbí kviðrista sem talar: „Sendum stelpu ástarbréf innan í hauskúpu. Fleygjum henni í fangið á stelpu í strætóskýli!“ Þegar hann hefur gengið fram af sjálfum sér í einæði bætir hann við einhverju af þessu þrennu í spurnartón og þó helst öllu: „Hvað skyldi löggan segja? Hvað skyldi sýsl segja? – Hvað skyldu nasistarnir segja???”

Laugard. 29. mars.

H. var hátt stemmdur þegar ég kom á heimili hans en ég róaði hann með því að spila við hann Verðbréfaspilið. Við fórum svo í leiktækja-salinn í Mjódd eins og ég hafði lofað honum að gera ef hann yrði betur búinn en venjulega til fótanna. Hann batt á sig nýja skó umtölulaust og án hiks.

Við ákváðum að heimsækja afann en hann reyndist ekki vera heima og ferðin í bæinn varð með styttra móti. Við H. ræddum saman í eldhúsinu heima hjá honum eftir heimkomuna. Nú var umræðuefnið hvalir.

Hann talaði um bílasmíðar í skúrnum sem er sambyggður húsinu og hann kallar aðstöðuna. Orðaval hans er hástéttarlegt. Og orðavalið nákvæmlega rétt og í engri líkingu við foreldranna sem eru í alla staði venjulegt fólk. Hann hlustar á mig af sviplausri alvöru og reynist áhugalaus um dægurmálefni sem unglingar á hans aldri gleypa við. Fyrir kemur að hann bendir mér geðshræringalaust á að ég hafi farið út af spori í ræðu minni eins og prófdómari í munnlegu prófi í háskóla. Stundum vill hann ekkert gera annað en dunda sér við bílabrautina á gólfinu í herberginu sínu. Honum er þá ljóst að ekki er við hæfi að ég leiki við hann en hann lætur eins og svo sé og sýnir mér af

nákvæmni hvernig halda eigi á hverjum bíl fyrir sig og leikur svo þátttöku mína sjálfur. –

2.4. Ég átti fund með forstöðukonu heimilis fyrir einhverfa við Sæbraut á Selstjarnarnesi um vinnu eftir að hafa komið til hennar grein minni um efnið og hún lesið greinina. Konan var vör um sig en jákvæð. Hún bar fyrir sig að einhverfir væru jafn margvíslegir og allt fólk. Meðal einhverfra er það þekkt að hafi sérvískuvit á takmörkuðu sviði, sagði hún. Það eitt dugar ekki sem greining á asp.

Hún hafði lesið grein mína og þótti hún óvenjuleg og almenns eðlis en líkaði hún ekki illa eftir orðum hennar. Forstöðukonan benti mér á Greiningarstofnun ríkisins. Ég fór yfir í Kópavog þar sem sú stofnunin er til húsa og lagði inn eintök af tveim greinum um málefnið.

3.4. Móðirin fann að því við mig að ég hefði farið með son hennar í „spilakassanna“. Ég geri eitthvað úr þessu ósætti, líklega sendi ég Sála bréf. Ég fór út á Nes með stráksa og sýndi honum kvikmyndabæinn sem þar var settur upp vegna *Djöflaeyjunnar* hans Einars Kárasonar. Síðan voru það hinir einu sönnu kleinuhringir í bakaríi neðst við Klapparstíg, borðaðir úti í slydduéli. Þar á eftir fórum við í heimsókn til afans við Miklubraut og ég skoðaði úrklippur sem hann leitaði uppi og var kátur eins og barn yfir leiknum. Því næst fór ég heim með H. Þegar þangað kom ræddum við saman um tölvur. Hann getur lært á tölvu eins og hver annar þótt kunni að þurfa þolinmæði til að kenna honum fingrasetninguna.

Verið er að setja upp útidyrabjöllur heima hjá honum og litlu munaði að ég færi að rekast í því.

Meðvirkni frúarinnar er augljós. Verður að leysast hjá Sála.

Húshaldið er allt minnisvarði þess tíma þegar þyngst áhersla var lögð á bílaeign og steinsteypu. Það er hægt að fletta sundur þessu fjölskyldulífi eins og sögu eftir kaþólskan boðskaparmann um illt og gott í mannlífinu. Þúkinn er þá H. sem heimafélkið hefur manað á sig með skefjalausri peningahyggju.

Verkefnið mitt er að kenna H. að umgangast fólk. Kenna honum að mynda sambönd við fólk svo rækilega að endist honum meðan hann er að finna sig í mannlegu samfélagi. Annmarkarnir á að þetta takist eru 1), að H er asp. sem er

þroskatruflun og lýsir sér í því að viðkomandi ber takmarkað skyn á hvað sé við hæfi og hvað ekki í mannlegum samskiptum. 2) Asp.einkennin eru arfur frá föðurfólkinu (afanum). 3) Konan styður vinnufikilinn, mann sinn, að hætti meðvirkra. Á heimilinu er áherslan öll á kyrrstöðu, á óbreytt ástand.

Ég þarf að lýsa fyrir sérfræðingunum á BUGL hvernig H. er í umgengni, gera þeim grein fyrir hugarástandi hans eins og ég þekki það. En veit þess jafn framt að verkefni mitt er framar öðru að hlusta og í besta falli hughreysta en ekki leiðsegja. Það að blanda mér í fjölskyldumál er tabú jafnvel þótt slík afskiptasemin sé afgerandi um framfarir þegar að skjólstæðingi eins og umræddum kemur. Í staðinn hefur stofnunin valist í hlutverk skriftaföður og ég í hlutverk Umba.

Stráksi virðist gera sér grein fyrir þessum einkennum öllum nema helst göllum sjálfs sín sem hann telur sjálfsbjargarviðleitni sína fremur en annað. Í stað leiðsagnar er honum kennt að allir sem eru öðruvísi en fjöldinn séu illmenni, jafnvel upprennandi morðingjar eins og sjónvarpið vitnar sífellt um þegar öðru vísi fólk kemur við sögu. Öðrum þræði óttast hann og hefur óbeit á þráhyggjukenndu ofbeldi enda er hann að upplagi blíðlyndur. Hetja hans í lífinu er Presley enda held ég að skaplyndið sé ekki ósvipað þegar allt kemur til alls. Kannski eiga þessir tveir þrályndið sameiginlegt.

Hann er líkur Presley í útliti.

Hans vörn er íronían, þroskuð og af sérstæðri rót. (Úr einræktinni að vestan.) Það er djúpt á henni og það tekur tíma að kynnast henni, jafnvel verða var við hana fyrir það sem hún er.

Óljóst er enn hvað gera eigi í framhaldi af samskiptum mínum og H undanfarnar vikur. Réttast er að láta setja upp samning strax eftir páska, af því tagi sem mér hefur nú lærst að er fyrirkomulag þegar tilsjónar-maður er ráðinn til verkefnis.

Áréttu þá að samstarf mitt verði einkum við föðurinn. Þó ekki sé breytt gegn vilja móðurinnar þá allt að því.

Laugard. 6. apríl. Frúin er eitthvað að mildast enda tókst henni að koma H á astig á reglulistanum sem er mjög strangt prógram. Nú er komin bjalla við aðal útidyrnar sem glymur um allt húsið enda er enn eftir að teppaleggja og gólfín allstaðar í húsinu aðeins grálakkaðaður steininn. Við H. ákváðum að fara í

keilu í Mjódd en þar var fullt. Ég fór þá með hann í ökutúr upp fyrir Hafravatn og niður á Vesturlandsveginn. Síðan niður í bæ að kaupa pitsur. Við löbбуðum frá Hlemmi niður á Lækjartorg og aftur til baka að tillögu H. Ég ók svo frá Hlemmi heim til hans. Byrjuðum á spili. Tilbrigði sem hann samdi jafnóðum og þá upp úr því sem okkur hafði farið á milli þennan dag. Ofbeldistal fyrst í dag; ögrun vegna óöryggis, streitumerki eins og fyrirfram var vitað. Ég var orðinn þreyttur undir það síðasta. Mikið talað og vantar þó grunninn. Gekk fremur vel.

Afinn var í eldhúsinu í mat þegar ég mætti til vinnu í gær og allt var skorið við nögl. Peningahyggjan er hreint út sagt ótrúleg. Allt er umreiknað í peninga. Ekki að sjá að sé pláss fyrir börn þrátt fyrir stærð hússins. Gríðarleg þrengsli í tóminu.

H. talaði um nýjan leikfangabíl af smærri gerðinni. Svo um að við minnkuðum, ég og hann, uns við pössuðum í bílinn meðal margra annarra leikfangabíla sem hann á. Því næst myndi hann finna upp tæki sem fullkomnaði bílinn uns hann gæti selt hann með miklum gróða.

Hjónin njóta þess bæði að hafa ókeypis staðgengil til að gegna föðurhlutverkinu.

Móðirin er fráleitlega vör um sig.

13.4. Eftir samskiptin við strákna, H, en einkum þó dvöl heima hjá honum í þessu tómlega húsi, er ég spenntur, tilfinningarnar þandar. Ég held að allir upplifi eitthvað svipað sem í húsið koma aðrir en foreldrarnir. Yngri bróðirinn, sá ofvirki, hrædist þennan tómlaika. Ég finn það fremur en að hann segi það.

H. er skemmt. Annaðhvort hefur hann húshaldið allt á valdi sínu og finnur til þess eða hitt, að strangleiki föðurins við sjálfan sig sem hann leggur á sig vegna vinnunnar er fjötur sem hann leggur á þau öll og sjálfan sig um leið. Ég þæli ekki í því.

Strákur var rólegur að leika sér að dótinu sínu þegar ég kom á staðinn. Þessir leikir eru saga út af fyrir sig, ég held helst að enginn hafi upplifað þá með honum þar til ég fór að skipta mér að þessu húshaldi. Hann ímyndar sér að ég sé með í leiknum, segir mig aðhafast þetta eða hitt en framkvæmir það sjálfur.

Ég fékk H. ekki með mér í Þjóðminjasafnið. Í staðinn fórum við á hamborgarastað í Skeifunni sem hann var búinn að sjá út. Ég lét duga að fá mér kók. Svo gengum við um Skeifuna og

skoðuðum bíla. Fórum þar næst til ömmunnar í Álftamýri. Íbúðin var full af Skagfirðingum. Góðar móttökur. Hlýleg kona og ágæt. Heiðríkja yfir henni. Hefur horast og mátti ekki við því.

Síðan heim til H. Þar var mikið talað. Smádót á gólfinu. Bílabrautin.

Í þetta sinn var ekkert minnst á spil. Sérviska hans er líkari gamal-dags sveitamennsku en geggjun nema þegar stráksi svaraði hringingu símans. Hann hrifsaði tólið og hellti formálalausum svívirðingum í tækið, skellti svo strax á með skelmislegu glott á afmyndaðri ásjónunni!

18. Viðmótið er aftan úr öldum; aðalsmanns af hrokafyllstu gerð. Nirfilshátturinn er með endemum. Hann skrúfar ekki frá vatnskranana heima hjá sér öðruvísi en velta fyrir sér hvort sé ódýrara vatnið í heita krananum eða þeim kalda. Ef svo vill verkast að ég kaupi okkur að drekka í sjoppu á gönguferðum um bæinn leggur hann mat á kostnað-inn, bæði minn og sinn. Nú hefur verið fundin aðferð til að stjórna honum út á nirfilsháttinn, aðferð sem kölluð er umbunarkerfi.

Strákur var fermdur í gær. Í dag var hann með versta móti. Engu líkara en að illur andi hefði brennt sig við ferminguna undan yfirsígningu prestsins og sársaukinn náði til stráksa með þessum afleiðingum. Hann var friðlaus. Spurningar um manndráp. Árásir á mig, að vísu leikir en svo klunnalegir og um leið svo tvíræðir, að, ja hvað? Óljóst orðaðar hótanir – en alltsaman af einhverskonar sadísku ástlyndi líkt og fyrirbærið tjái hlýjutilfinningar sínar með þessum illyrmislega hætti.

Þessu er mér ætlað að koma til manns. Helstur vandi asp. er sagður skortur á félagslegu innsæi. Ekkert er fjærri sanni. Stuðningsaðili minn á Dalbraut, háttskrifaður geðlæknir, reynist mér gersamlega gagnslaus enda er konan normal og eins og fólk gerist flest – eins og það heitir. Foreldrarnir gera árangur minn að engu jafnharðan og hann lætur á sér kræla. Árangur sem ég tel mig eygja fer framhjá öllum eða hann er beinlínis eyðilagður fyrir áhugaleysi annarra hlutaðeigandi. Allt sem ég reyni uppbyggilegt er hunsað og að engu gert.

Og djöfullinn glottir!

Ég hlýddi á ágætt erindi Svanhildar Svavarsdóttur í gærkvöldið í Kennaraskólanum um sérkennsluaðferð fyrir

einhverfa, TECH. Fyrir-lesari kom mikið inn á hugðarefni mitt undanfarið.

Grein mín um grimmd var birt í Mogga í dag, fimmtudag.

24. mvd. Afinn var í heimsókn þegar ég kom í húsið í dag. Hann sat við eldhúsbordið, horaður, sniðgenginn, sviplaus eins og dauður hlutur. Hann varð mín var og heilsaði. Þegar við höfðum heilsast hélt hann áfram:

„Ég lifi af vana.“

„Jæja.“

„Ég bíð þess að komast á betri staðinn.“

„Nú, já.“

"Það er víst óskhyggja. Heitir það það ekki?"

„Jú.“

Og svo þvaðraði ég eitthvað út í loftið eins og mér er samt þegar ég reyni að finna tilfinningum mínum orð.

Heim til H. Síðan í Mjódd. Ökuhermir í leiktækjasalnum. Keyptum sætabrauð í bakaríinu og borðuðum á göngugötunni. Síðan heim til að keppa í tölvuleik sem H. hafði plön um og hefur verið settur upp í væntanlegu hobbíherbergi. Leikurinn byggist á því að stinga lögguna af og H. fann besta ráðið til þess þegar við vorum komnir af stað á skjánum. Ráðið var að aka á bíla sem koma á móti velta þeim með því í veg fyrir löggubílana sem eltu þá. Leikurinn er kynæsandi, segir H. Hann heyrði hvorki né sá annað en leikinn þegar ég fór á tilsettum tíma.

30.5. Það var komin tími til að hætta og láta umbunarkerfinu eftir framhaldið. Ég kvaddi H. með orðunum: „Sjáumst, ofviti!"

Það var komið að lokadegi.

Hann vissi hvað fyrir lá og við töluðum mikið saman í dag, meira en nokkurn tíma áður, held ég. Við gengum ofan frá Landakotstúninu þar sem ég lagði bílnum á bílstæði. Við vorum á leið í gæludýraverslun við Laugaveg vegna fuglanna hans. H. ætlaði að byrja með ólæti neðst á Vesturgötunni en hlýddi strax og ég setti ofan í við hann og var skikkanlegur eftir það. Hann var hinn ferlegasti ásýndum, trúi ég, eftir svipbrigðum sumra vegfarendanna að dæma. Presleyútlitið nýtur sín síst á göngu.

Reyndar er hann ekki ólíkur Laxness í göngulagi, svo mikið veit ég um Laxness og þó ekki væri meira.

Það brá fyrir viðkæmni og orðin stóðu í honum sem hvort tveggja var mér nýlunda. Ég áleit að væri vegna þess að leiðir okkar voru að skilja þennan dag. Á bakaleiðinni á Laugaveginum í bílinn við Landa-kotstún spurði hann hvort ég væri með fleiri í tilsjónarmennskunni. Einn, svaraði ég. Og varð um leið hugstæð nýleg reynsla mín í Húsdýragarðinum. Ég hafði farið eftir eigin vali með níu ára strák í bát út á tjörnina þar, valið að fara svona að til að hemja hann og venja við mig. Sá nýi sat í skut og ég reyndi að láta hann ekki finna fyrir óvissu minni, vissi það eitt að hann var til alls vís. Ég hafði komið á heimili hans í kjallaraíbúð á Nesinu þar sem hann bjó ásamt tveim konum og hafði flett veggfóðrinu af stofunni upp í seilingarhæð sína. Sú sögn fylgdi honum líka að nágranninn hefði vaknað í bítið einn morgun með strákna sofandi við hlið sér í rúminu. H talaði nú um vatn. Um það að við, ég og hann, færum á bát út á vatn. Stórt vatn og djúpt, það yrði að vera djúpt! H gekk skrefi á undan mér. Hann vissi auðvitað ekkert um hvað mér bjó í huga. Neðst á Vesturgötunni kom bíll ofan brekkuna á móti okkur og ég sá Jóni Ársæli bregða fyrir og þegar hann kom á móts við okkur hafði sjónvarpsmaðurinn kunnig dregið niður bílrúðuna og rekið út höfuðið af ákefð að glöggva sig á okkur á hraðri ferð gegn stefnu bílsins, augljóslega bundnir sömu hugsun báðir, ég einbeittur eins og spýtukarl, H patandi út í loftið með sitt Laxnessgöngulag!

– Nokkrum árum seinna hitti ég skjólstæðinginn fyrrverandi í fyrsta sinn eftir þennan dag ásamt móður sinni á fjölmennum fundi um málefni einhverfra í Sjónarhóli við Háteigsveg. Móðirin sagði mér stolt þau tíðindi, að sonur hennar starfaði nú sem pizzusendill og færi á næstunni í utanlandsferð upp á sitt eindæmi með vini sínum.

Umbunarkerfið hafði gert sitt gagn.

Herforingi

Reykjavík 16. janúar 1996.

Um stundarkynni undirritaðs og heimafólksins Skuggagötu 8b, kjallara dagspart vegna drengsins, Arnórs Siggeirssonar.

Drengurinn er sex ára gamall og einhverfur samkvæmt greiningu. Hann stundar nám í almennri bekkjardeild í Langholtsskóla þrátt fyrir bæklun sína, en nýtur að auki sérkennslu. Hann er í skólanum á morgnanna og hefur nýlega fengið inni í skólaseli tvo tíma eftir skólann. Honum er ekið heim á vegum skólans en móðir hans ekur honum í skólann.

Að auki er nú á heimilinu ásamt móðurinni aðeins bróðir Arnórs, heilbrigður, námfús, fær góðar einkunnir í skóla, hægur og hlýðinn. Heitir Orri.

Foreldrarnir eru um fertugt. Faðirinn hefur verið vistaður á geðdeild Landspítalans síðan í haust, en kemur heim um helgar. Í sumar var hann til sjós en hafði fram til þess verið atvinnulaus svo árum skiptir. Hann er spilafikill, á spilakassa, og hefur farið títt með heimilispeningana í þessa fíkn sína ef einhverjir voru. Trú hans hefur alltaf verið að vinningur kæmi í næsta leik. Stundaði einkum kassana í Múlakaffi þegar hann var frjáls ferða sinna þar sem hann var jafnframt í kunningsskap við þá einhleypu sem þar eru í fæði.

Faðirinn hefur að minnsta kosti þrisvar farið yfir um um ævina, í fyrsta sinn á síðasta námsári sínu við Menntaskólann á Akureyri og hafði þá einangrast eftir að hafa orðið viðskila við skólafélaga sína. Sjálfur er hann úr Keflavík. Geðræni örðugleikar hans vaxa við svefnleysi, en andvökur hafa þjakað hann jafnvel svo vikum skiptir uns hann tryllist. Í því ástandi hefur orðið að fjarlægja hann af heimilinu. Þessar andvökur eru taldar til komnar vegna vaktaálags á sjó. Faðirinn mun hafa lagt hendur á konu sína fyrr á árum en ekki í seinni tíð. Hann mun ekki heldur hafa beitt drengina ofbeldi en stundum verið höstugur við þá af tilefnislitlu, að sögn móður þeirra. Sá einhverfi kvað svara honum fullum hálsi.

Faðirinn er fremur fínlegur, grannleitur, fríður, og heldur glaðlegur maður eftir nýlegri mynd af honum að dæma. Greindarlegur, en ber merki um að vera veikgeðja og reikull í ráði. Eldri drengurinn, Orri, er líkari honum. Sá yngri, Arnór, sá einhverfi, sýnist mér á hinn bóginn vera úr móðurættinni, andlitið breitt og stórbeinótt, augun smágerð, gráleit og tillitið hvasst. Sterklegur og vígamannlegur þótt árin séu ekki mörg.

Móðirin, Nanna, er utanbæjarmanneskja, ekki aðeins að uppruna heldur einnig fasi og líklega einnig metnaði. Hún er Eyfirðingur, frá Árskógsandi, þorpi skammt sunnan við Dalvík. Þar stundaði faðir hennar útgerð ásamt bræðrum sínum, á trillu sem lagt var á haustin. Fjölskyldan átti kindur og eina kú. Nanna er ein fimm systkina.

Í Reykjavík fer Nanna yfir Snorrabrautina eins og vað yfir læk. Hún hefur komið eldri drengnum, Orra, í Austurbæjarskólann handan götunnar frá heimili hennar séð, sem ekki er venjulegt fyrirkomulag í heimahverfi hennar Norðurmýrinni, vegna þess hve skæð umferðargata Snorrabrautin er. Hún gefur þá skýringu á þessu fyrirkomulagi sínu að hún búist við því að geta flutt bráðlega úr hverfinu. Hún ekur drengnum í skólann og sækir hann gangandi, og fæst ekki til að kenna honum að nota gangbrautarljós við Flókagötu þótt Orri sé níu ára heldur göslast hún gegnum „gatið” sem hún kallar svo, nokkrum tugum metra frá ljósunum, spennt og óörugg eins og alltaf sem meðal annars kemur fram í almennu vantrausti á gangbrautarljósum.

Allt ráð Nönnu virðist mér koma heim og saman við þetta dæmi. Hún fer sínu fram af sveitamannslegri sérvisku sem er orðin sjaldgæf í seinni tíð á borgarsvæðinu og hún kemur öllu og öllum upp á móti sér með sínu lagi, enda er viðmótið svo durtslegt að erfitt er að lýsa því. Ókunnugir eru Nönnu fjarskalega mikið ókunnugir.

Kjallaraíbúð hennar við Skuggagötu ber þess öll merki að ekki hefur verið hreyfð hönd til viðhalds íbúðinni í þau tuttugu ár sem Nanna hefur búið þar. Veggfóður er flagnað af veggjunum og annað ámóta. Hins vegar er fulls hreinlætis gætt. Um er að ræða annað en fátækt. Tvö íveruherbergi eru í íbúðinni. Núverandi íbúar þrír halda til í öðru, hitt var fullt af drasli og þvotti þegar ég kom á staðinn. Tvö stærri rúmin í stofunni virtust mér heimasníðuð, hið þriðja, yngri drengsins, reyndar líka. Það er lóðað saman úr gildum járnrímlum og

minnir fremur á búr rándýrs en barns. Það hefur verið málað dökkbrúnt, og hef ég aldrei sé ljótara barnsrúm.

Nanna á í útistöðum við fjölskylduna á efri hæðinni í húsinu og svo hefur verið um margra ára skeið. Þar ber margt til, en upphafið er ágreiningur um sameignina. Vegna þess hve þröngt er í eldhúsi Nönnu lætur hún ísskáp sinn standa í gangrými inn af því sem telst til sam-eignarinnar og er því ófriðarvaki. Sameiginleg kynding er í húsinu og rennur vatnið fyrst upp á hæðirnar, að sögn hennar, og síðan aftur niður í kjallarann. Sambýlingarnir á efri hæðinni hafa ekki haft skilning á því að auka þurfi rennslið til að vatnið verði ekki orðið kalt þegar það kemur aftur niður í kjallarann. Aukins skilnings á þessum vanda gætir þó í seinni tíð, eða hins að Nanna hefur farið sínu fram og hækkað sjálf hitann og nágrannarnir kannski bara orðnir langþreyttir á togstreitunni og reyni að gera sem minnst úr þessum ágreiningi. Rætt hefur verið um að koma kjallaranum á sérstaka hitalögn, sem ekki getur verið flókið mál, en það strandar á því, að kjallaraíbúarnir vilja ekki taka á sig allan kostnaðinn af breytingunum. Verst hefur þó orðið í milli íbúanna í húsinu vegna viðgerða á þakinu, en fjölskyldan á efri hæðinni vill nota tækifærið og byggja jafnframt ofan á húsið og þar með stækka íbúð sína, auk þess sem þakið yrði lagað. Nágrannarnir vilja greiða kostnaðinn af stækkun en, að sögn Nönnu, ekki taka á sig stærra hlutfall í kostnaðinum við sjálft þakið. Samkomulag hefir því ekki náðst um viðgerð á þakinu.

Af þessum ástæðum og kannski fleirum andar köldu frá íbúunum á efri hæðinni til fjölskyldunnar í kjallaranum og vilja hana burt. Fólkið á loftinu heldur syni sínum frá eldri drengnum í kjallaranum og reynir að einangra kjallarabúann frá öðrum börnum í hverfinu, að sögn Nönnu. Á miðhæðinni búa gömul hjón og er ófriðarlaust milli þeirra og fjölskyldunnar í kjallaranum, einna helst vegna þess að þau eru gömul eftir sömu heimild að dæma.

Eftir útlitinu er afar sjaldgæft að gestir komi í heimsókn í kjallarann, og þá varla nema sömu erinda og ég í gær. Nanna bauð mér ekki upp á kaffi né annað og viðmót hennar var á allan máta kuldalegt. Hún hefur lítil samskipti við aðra íbúa á borgarsvæðinu en aldraða móður sína í Kópavogi. Á bernskuslóðir sínar í Eyjarfirði hefur hún ekki komið í mörg ár.

Drengurinn Arnór, sem málið snýst um, bergmálar það ástand sem hefur umleikið hann frá fyrstu tíð, og kann ég ekki fremur en aðrir að skýra hvernig börn ná að verða persónugervingar þess sannleika sem er foreldranna þrátt fyrir bælingar og skilningsleysi foreldranna á þeim sannleika. Góðum ævintýrum hefur stundum tekist að brúa þetta bil svo að báðir skilji hvað á ferðum er, barn og fullorðnir. Arnór er herforingi að eigin viti og þótt ekki sé hár í loftinu. Kannski er þó nær lagi að líkja honum við Egil Skallagrímsson á barnsdómsárum fornkappans samkvæmt sögunni. Drengurinn Arnór er kjarkmikill og einbeittur; hann talar hátt af hljómlausri hörku, blælaust með stuttum, hvössum fyrirskipunum. Hann hefur mjög takmarkaða stjórn á rödd sinni. Síst þegar kemur að hinum mildari tónum. Og hann verður vandræðalegur þegar að honum kemur að bera fyrir sig milt málfar í samræðuskyni uns hann skríður í skel sína og brynjar sig með hörku og þóttu, brosið endar í yfirlætislegri grettu.

Þegar móðir Arnórs hafði með afar þvinguðum hætti vakið athygli þessa sonar síns á mér náði hann í fjóra tölvuleiki og raðaði þeim af mikilli formfestu á það rúmið sem næst var sjónvarpinu. „Drepa Rómverjana,” sagði hann aftur og aftur og ekkert annað. Hann var að skora á mig í tölvuleik.

Leikurinn var um Ástrík, Steinrík og Rómverjana, góðkunningja mína frá því ég var yngri. En nú bar nýrra við, drengurinn skipaði fyrir og leikurinn snerist um 1) peningasekk „Sækja pokann“ – kasta sprengju á krabba – „Drepa krabbann“ – þrífa tvær myntir úr lausu lofti yfir sjó með því að hoppa af bryggusporði – „Sækja peninginn“ – Drepa krabbann – aftur og aftur. Drengurinn gaf fyrirskipanir og hugarheimur hans var gersamlega á bandi tölvuleikjarins og því var líkast sem rödd hans kæmi frá skjánum. Þegar hetjan endastakkst í öldurnar kvað við hvasst: „Ekki meiða Ástrík!”

Leiftursnökkur gerir hann sér grein fyrir hvernig búnaðurinn veitir innsýn í lífið í gelíska þorpinu, hvaða leið eigi að fara til að hægt sé að komast í návígi við Rómverjana – „Start!“ – „Stopp!“ – Start!“ – og honum þykir langmest koma til áfloganna og þess „að drepa Rómverjana“. Báðir, Ástríkur og Steinríkur, kýla Rómverjana bók-staflega í klessu í þessum leik. – Vélrænt ofbeldi og geðveikisleg atburðarás í stað hómors og hugkvæmni myndasagnanna geðþekku.

Ég læt eftir mér að bæta við dálítilli hugvekju:

Arnór hinn einhverfi er fastur í vítahring tölvuleika, nærtækast úrræði foreldum sem eiga vandamálaborn. Það hefur Arnór verið frá þriggja ára aldri. Enda fer þar fram samskonar þráhyggjukennt athæfi og krakkinn hneigist til ótilkvattur. Þá verður heldur ekki farið í grafgötur með hvert stefnir.

Orri, sá eldri, hefur fundið sér leið til að þrífast þrátt fyrir erfiðar heimilisaðstæður, hann liggur í bókum, er fáskiptinn en blíður í við-móti, jafnvel við bróður sinn sem hvergi sýnir finleika nema við stjórnborð leikjatölvunnar.

Móðirnin sækir eldri son sinn í skólann. Ég fór með henni gangandi þá leiðina í gær ásamt þeim yngri. Ég náði sambandi við Arnór litla sem snöggvast, fyrst eftir að við komum út, á mildari nótnum, en hann hrökk jafnharðan inn á rás tölvuleikjarins aftur: „Drepa fugla! Drepa Rómverja!“ Hátt, blælaust, skipandi. Ég talaði til hans á göngunni, en mér sýndist móðirin vera jafn ósnortin af viðleitni minni til að ná sambandi við drenginn og hann var sjálfur og ég gerði ekki mikið úr.

Í porti Austurbæjarskólans lét hún Arnór leika sér um stund í leikjakastala sem þar er. Það virtist vera vani hennar að nota stundar-hléð með þessum hætti, enda engin skilyrði til að koma barninu út af heimili sínu önnur en í fylgd með fullorðnum. Skólaumhverfið virtist mér vera henni að öðru leyti framandi og að álitni hennar jafn hættulegt velferð hennar og barnanna og allt annað.

Hið eina sem hún lagði mér til ótilkvödd á þessum tveimur tímum sem ég var nærri henni, var skýring á fyrirskipunum sonarins Arnórs meðan á tölvuleiknum stóð, líklega til að afsaka stjórnsemi hans. Stuttaralegri athugasemd: „Hann kann ekkert sjálfur en er vanur að stjórna bróður sínum!“

Nanna er sannfærð um að hættulegir menn séu á sveimi um hverfið, einkum börnum, og þekkir dæmi um slíkt frá fyrri tíð. Tortryggni hennar á hvaðeina á sér lítið tilefni í lífi hennar á líðandi stund.

Nanna vill sjálf ráða verksviði tilsjónarmannsins sem komið hefur til álita að leggja henni til. Þannig að sú heimilisuppbót ögri sjálfri henni ekki á nokkurn hátt. Hún sagði á fundi okkar í Skógarhlíð 6 að hún hefði gert sér vonir um yngri mann, helst mann um tvítugt sem líklegri yrði til að spila fótbolta við son hennar. Sama sagði hún við mig í gær meðan ég dvaldi í íbúð hennar. Þetta reynist vera niðurstaða hennar í dag. Ég álit einnig að maður um tvítugt hæfi þessu verkefni best. Drengurinn er

efni í athafna og atorkumann, til hvaða verkefna sem hann annars velst.

Ég álit umrædda íbúð óíbúðarhæfa í núverandi ástandi og síst við hæfi barna. Minna má það ekki vera en mála hana. Ég álit að drengurinn Arnór eigi heima á hæli fremur en við þau kjör sem honum eru búin. Eins og málum er nú háttað nýtur hann bestu skilyrða sem hugsast geta til að rata á slóð föður síns að spilakössunum.

Veiðimaður

Mánudagur 1. ap. ('98). Ég fór á fund hjá Féló vegna nýs skjólstæðings.

Þriðjud. Hitti móður drengsins ásamt fulltrúa Féló.

Mvd. 3. ap. Kom á heimili drengsins E., 10 ára, og hitti hann ásamt móður hans. Þunglynd. Einangruð. Drengurinn hefur alltaf verið föðurlaus en hefur haft fleiri eða færri hálfbræður hjá sér á heimilinu þar til fyrir ári. Hann býr nú einn með móður sinni ásamt níu persneskum köttum í þokkalegri íbúð á þriðju hæð í blokk við Klepps-veg. Kettirnir hafa alveg lagt undir sig eitt herbergið með leyfi húsmóðurinnar.

Drengurinn er vafalaust fæddur heilbrigður en mótunin er ekki góð. Hann er á ellefta ári. Veiðiáhugi. Aksjontýpa. Skýr. Hraustlegur í útliti. Ræðinn en sljóleiki háir honum sem kann að stafa af því að hann er á þunglyndislyfjum.

Fimmtud. 4. Skýrdagur.

Ég fór með E. á bílnum út á Nes og sýndi honum braggahverfið sem er eftirmynd slíkra hverfa stríðsáranna sem nú hafa öll verið rifin.

Harður, fremur kaldlyndur. Einsettur í að bjarga sér. Engin uppgjöf þar.

Fórum í Kolaportið. Ég keypti kók handa okkur báðum á ham-borgarastað. Ók honum svo heim eftir að hafa lent í brösum með bílinn.

Vinnur í Laugarásbíó, sagði hann. Ég spurði hann ekki um það frekar.

Ég lánaði þeim mæðginum 6 vídeóspólur.

8. ap. Ég hringdi í móðurina í dag, á öðrum í páskum, eins og um var samið. Strákur hefur verið mjög erfiður heima í blokkinni, hurðarbrot og áflog sem enduðu með því að einn hálfbræðranna kom fyrir orð móður þeirra og rúllaði stráksa inn í gólfteppið í stofunni svo hann gat sig ekki hreyft og þar mátti

hann dása uns af honum bráði! Tilefni ólátanna virðist mér helst vera ósveigjanleiki mæðginanna beggja, hans og mömmu hans.

Faðirinn er löngu farinn. Hann stundar vinnu og er reglusamur en hefur orð á sér fyrir að fara illa með kvenfólk. Foreldrarnir bjuggu saman í rúmt ár.

Strákurinn hefur alltaf verið erfiður. Hann var á upptökuheimili í átta vikur. Móðir hans er komin næst því að gefast upp á honum. Allt liggur þetta mjög óljóst fyrir. Ég hringdi í hana samkvæmt samkomulagi. Hún sagðist hafa minnkað skammt drengsins af lyfinu um helming. Hún kærði sig ekki um að ég kæmi á staðinn. Gestur (Einar að vestan) og E. á leið út.

9. ap. Ég hringdi skv. samkomulagi í hádeginu í dag, en enginn svaraði. Náði svo í móðurina í símann um hálf tvö. Strákur úti. Samkomulag var um að hann hringdi í mig (uppástunga móðurinnar).

Ég fór með hann í göngutúr vestur á Granda. Markmið mitt var að skýra fyrir honum muninn á togara og trillu þar í bátahöfninni vegna ruglings á þessu tvennu sem orðið hafði tilefni ófriðarins heima hjá honum undanfarna daga, að sögn móðurinnar.

Strákur er fróður um bíla og sjómennsku og nú bar hann sig að hætti sjómanna þegar við komum í trillulagið á Granda. Hafði áður komið þarna einn, sagði hann. Hann átti sér uppáhalds bát, eftir orðum hans, sem við skoðuðum af bryggjunni ásamt fleiri bátum eftir því sem völ var á. Við gengum um bryggjurnar en hann sýndi ekki öðru áhuga en því sem beinlínis varðaði áhugamál hans og ásetning sem er að kaupa bát og komast til manns. Framtíðaráætlunin er skýr: Fimm ár á sjó ásamt leikfélaga hans sem hann kallar besta vin sinn og hefur ákveðið að fara á sjóinn með honum. Strákur hefur fiskveiðar og annað þar að lútandi á hreinu. Einn eigenda bátsins sem einkum náði athygli hans kom meðan við vorum að skoða gripinn af bryggjunni og fór um borð. Strákur gerði sér þá lítið fyrir og stökk á eftir honum niður í bátinn. Af spannst samtal milli hans og eigandans sem bauð honum að kaupa hlut í bátnum fyrir 250 þ. kr. þegar hann yrði 16 ára. Eftir 5 ár.

Eftir 5 ár á sjó ætlar hann til Hollivúdd og gerast kvikmyndaleikari. Þar ætlar hann að verða frægur og sterkur og ríkur eins og Swarzenegger. Hvað ætlarðu svo að gera spurði ég.

Eftir þögn svaraði hann: „Svo ætla ég að koma heim og drepa alla.“

Að slepptri kokhreysti er drengurinn eins og hvert annað ellefu ára gamalt barn. Og svo það, að einsemdin er orðinn honum að skel, eitthvað í líkingu við það sem gildir um krakka í fátækrahverfum stórborganna. Gleðin er sneydd tilfinningum. Áherslan er öll á hversdagsleika sem aldrei gefur færi á slökun á ítrustu kröfum. Sjálfsmýndin allt of fullorðinsleg. Ábyrgðin líka. Þess utan eru fyrir-myndir úr sjónvarpi þar sem karlmennska og ofbeldi fer saman. Raunveruleikinn er sjómennska en framtíðin Hollívúddmyndir.

Sami kuldinn þegar ég hringdi í móðurina í dag. Ég er farinn að halda að vandi þessara mæðgina sé getuleysi móðurinnar til að ala með sér tilfinningar til barnsins sem það á þó rétt á. Sú vannæring leiðir svo af sér úlfúð stráksa heima. Alltént er uppgefin ástæða fyrir afskiptum Féló af málefnum þessarar fjölskyldu ekki sú rétta, lýsingin á vanda móðurinnar. Þunglyndistal um þau bæði. Strákur getur vel bjargað sér utan heimilisins og hann á leikfélaga eins og hver annar krakki, held ég. Vandí hans er samband hans við móður sína og heimili sitt og er sjálfsagt viðráðanlegur.

Hún sagði mér að hann hafi lengi verið kaldur og heiftúðugur í sinn garð. Hann vilji ekki hlýða henni og sé með skæting.

Þessi áhugi á sjómennsku er nýtilkominn.

Ég talaði við drenginn í morgun, hann hringdi til mín um eitt leytið eftir orðum mínum. Hann hafði ætlað að fara með félaganum að veiða af klöppunum neðan við Kleppsveginn en félaginn ekki reynst tiltækur þegar til kastanna kom. Stráksi var viðræðuhæfur í símann í dag en fólkskur og þver í gær – líklega er þetta í áttina.

Sunnudagur. Ég fór í morgun í bíltúr með skjólstæðinginn af Kleppsvegi, samkvæmt samkomulagi. Hann sýndi mér leiksvæði sitt og kynnti mig fyrir félaganum í Sundahöfn sem var þar ásamt fleiri krökkum að leika sér í bílflökum. Allir haldnir skemmdarfýsn sem mér sýndist leikurinn snúast að mestu um. Ég fór svo með félagann yfir í Elliða-árdalinn og við gengum af bílstæðinu niður að ánni. Sá litli hafði ekki komið þarna fyrr og var öllu ókunnugur í dalnum. Eitthvað snart strengi og hann átti erfitt með að slíta sig frá ánni. Á heimleiðinni í framsætinu við hlið mér talaði hann um blóð og plokkaði rispur á höndunum

báðum, augljóslega eftir kettina. Hann var annars hugar, tautaði við sjálfan sig, svo lágt að ég greindi varla orðaskil en þó eitthvað: „Ef einhver æpir á nóttunni er það kannski bara krakki að kalla á mömmu sína.“ Ég lét sem ég heyrði þetta ekki og fleira ámóta og spurði einskis. Ég var á leið í fermingarveislu suður í Sandgerði eftir hádegið og skilaði honum heim án frekari afskipta.

Fundur hjá Féló – E. hefur verið erfiður í skólanum undanfarið, kjaftfor og ófriðsamur við krakkana. Einnig verið með uppsteyt við þá fullorðnu.

Fulltrúi minn á Féló, J., segir móðurina gefa köttunum það sem krakkarnir ættu að fá. Fulltrúinn segist vinna í vanda móðurinnar með henni og vill ekki kannast við neikvæðar tilfinningar móðurinnar til sonarins.

Okkar í milli er áherslan á að ég geri mitt til að drengurinn verði hæfur í umgengi.

16. 3. tímar. Ég fór í sund með stráksa nú í eftirmiðdaginn. Sund skiptir máli fyrir sjálfsmyndina. Mitt framlag er að leita að og finna leið til raunsæis fyrir þá sem láta sig málin varða.

Strákur var mjög uppnæmur og bjart yfir honum þegar við fórum af stað. Hann lék sér svo í rennibrautinni allan tímann og ég þurfti ekkert fyrir honum að hafa. Eftir sunnið fór ég í geymsluna og leyfði honum að koma með, finnst vænlegra að sýna honum traust.

Heima hjá honum á Kleppsvegi fór ég með honum upp í íbúðina á þriðju hæð. Einn bræðra hans, sá næst elsti af þremur, var þar. Um tvítugt, dökkur yfirlitum, karlmannlegur, ómótaður, óráðinn, líkur spænskum unglingi úr fátækrahverfi sem á sér draum um að verða fótboltahetja eða nautabani. E. er ljós á litaraft og rauðhærður. Auk hálfbræðranna þriggja er systir sem býr hjá föður sínum.

Ég talaði við móðurina í síma í dag. E. fer í viðtal til Höllu geð-læknis á Dalbraut, sagði móðirin í glaðklakkalegum tón. Hún sagðist hafa sprungið í gærkvöldið. Hefði hellt sér yfir stráksa fyrir sorakjaft og hann hefði sneypst í rúmið.

Engar orsakir?

Ekkert ímyndunarabl? Jú. Kettirnir eru persneskir. Hún ræktar þá og selur fyrir 50 þúsund hvern.

Er þetta spurning mín um að vilja vit? Vilja trúa á hið jákvæða?

18. ap. Ég fór með E. í sund í dag. Hvasst. Ók svo með hann að skóla hans – og ræddi við hann um skólann. Svo skilaði ég honum heim á hlað við blokkina. Þetta var heldur stuttaraleg samvera og í samræmi við veðrið. Drengurinn stakk upp á því að ég kæmi inn með sér. Mér fannst það ekki við hæfi. Klukkan var 19.30.

Reikna mér þrjá tíma.

Eitthvað hefur orðið til þess að nú heldur E sig nær jörðinni með framtíðarplönin. Hann ætlar að stofna fyrirtæki í Bandaríkjunum, eiga sjálfur hlut í því í upphafi og eignast smám saman allt fyrirtækið. Síðan flytur hann heim. Og (eftir umhugsun) hefur konuna með.

22. mánud. Það varð ekkert úr því að ég hitti strákna í gær. Ég hringdi í dag í mömmu hans. Strákur hafði farið í greiningu á Dalbraut (til Höllu). Hann telst nú vera með tourette sem er einhverfuafbrigði. Hann réðist á mömmu sína í Perlunni á kattasýningu á laugardaginn var með óþverrakjaft og jafnvel barsmíðar. Ég sagði henni að sonurinn mætti hringja til mín þegar hann kæmi heim úr skólanum. Ég hef ekkert heyrt til þeirra enn. Sjálfur mun ég ekki hringja að fyrra bragði. Alla vega ekki fyrr en á morgun.

Ég sagði ráðgjafanum á Féló, að ég yrði að fá handleiðslu hjá sérfræðingi ef svo er sem sagt hefur verið um afbrigði E. Ég hef ekkert vit á Touretteheilkennum.

25. Sumardagurinn fyrsti. Strákur hringdi.

Ég fór með hann út á flugvöll að skoða smáflugvélar og síðan upp í Öskjuhlíð þar sem komið hefur verið fyrir leiktækjum. Góður dagur hvað þessa tilsjónarmennsku mína varðar. Stráksi var ekki eins lokaður eða neikvæður og oft áður.

28. Sunnudagur. Hálfskýjað, kalt en samt er vor í lofti. Ég ók upp að Elliðaárvatni. Við gengum þar um stífluna. Síðan fór ég með hann eftir tillögu hans yfir í Perlu. Þegar þangað kom gengum við um kjarrið sunnanvert í Öskjuhlíðinni og skoðuðum minjar frá stríðsárunum sem strákur þekkir vel. Mér skilst á honum að hann hafi verið þar einn á ferð. Engar rottur í stóru göngunum ef ekki er vetur, segir hann. Hann á við loftvarnarbyrgi og göng sem að því liggja. Þegar að göngunum

kom skreið hann eftir þeim inn í byrgið þar sem krakkar reyna að sjá til við ljós, segir hann, meðal annars með kyndla. Stærðin byrgisins er á að giska 20 fermetrar. Á járnhurð á öðru byrgi sem leynist þarna í kjarrgróðrinum í hlíðinni ofan við flugvöllinn var krot sem E. stafaði sig fram úr þegar hann hafði vísað mér á það hróðugur: Kjarnorkufluor. Ég lét hann um það.

Mér sýndist skrifað Kartöflu – eitthvað en þagði auðvitað um það. Strákur segist oft vera einn að leika sér þarna í hlíðinni sem er langan veg frá heimili hans og ég lét hann um það líka hvort er ímyndun hans ein eða eitthvað annað. Kanínur lifa villtar þarna í kjarlendinu. Þær urðu að hafa sig allar við til að hlaupa hann af sér.

Hann virðist hafa bætt sér upp skort á atlæti fullorðinna með ofvöxnum framtíðardraumum. Það er of stutt milli þess að hann ágirnist eitthvað og hann hefur sett sér að eignast það. Flest börn láta sér nægja að leika sér að tívolítækjum eins og þeim sem komið hefur verið fyrir framan við Perluna. E. hefur ákveðið að kaupa þau eða önnur eins.

Þetta var í fyrsta skiptið sem ég varð var við að faðir hans væri í einhverskonar tengslum við tilfinningalíf hans. Hann lýsti því formálalaust yfir að hann yrði aldrei húsasmiður. Faðir hans er húsasmiður. Ekkert meira var um það talað.

25 ap. Ágætur dagur. Gott veður, bjart, notalegt, ekki mikið sólskin. Ég fór með hann út á Granda en vorum svo mest úti á Nesi. Gengum fjöruna. Strákurinn er sannkallaður fjörulalli. Hann talaði mikið og var frjálslægur þegar í fjöruna kom. Svo ók ég að hrognkelsaskúrunum við Ægissíðuna og þar gengum við um nágreppið. Því næst ók ég með hann heim. Þegar þangað kom fór hann beinustu leið til leikfélaga síns í blokkinni. Ég notaði tækifæri og ræddi allengi við móður hans. Hann fer alltaf versnandi, segir hún. Mér sýnist hann fara batnandi. Ákveðið hefur verið að breyta um lyf í tilraunaskyni. Ég hef hitti E. og móður hans einu sinni á Dalbraut þar sem BUGL heldur til. – E. var þá með versta móti, allir hans verstu taktar áberandi. Það kalla þeir túrett.

Mjög gott veður. Ég var í fyrstu óviss hvert fara ætti, ók út á Nes, en strákur var ekki ánægur með það. Hann var þreyttur eftir ferð suður á Reykjanes í dag með skólanum. Ég fór þá með hann

í Öskjuhlíðina og þar gekk allt vel. Við gengum um skóginn og ég ók niður í Nauthólsvík.

Í ökutúr í dag kom ég við í Hallgrímskirkju og einnig í garðinum við safn Einars Jónssonar. Strákur var alls ósnortinn af stytum Einars í garðinum. Tveir leikfélagar hans frá fyrri tíð voru þar í garðinum eitthvað að snúast en hann vildi ekkert með þá hafa. Póesían er engin, veiðihuginn allt.

Ég kann orðið vel við stráksa og verð að gæta þess að blanda tilfinningum mínum ekki um of í þessi samskipti.

14.5. SóL. Gott veður. Ég fór á ný í Nauthólsvík að tillögu stráksa eftir að hann hafði þvegið með mér bílinn. Við klöngruðumst yfir stórgrýti í fjörunni sunnan við flugvöllinn, yfir í Skerjafjarðarhverfið og svo aftur sömu leið til baka. Góður tími. Ég lét stráksa að mestu sjálfan ráða tali okkar, reyndi lítið að fiska, ef nokkuð. Ég held að hann sé mest undir áhrifum frá einum bræðranna, þeim þeirra sem er sífellt að lenda í kasti við lögregluna.

E. fer fram. Hann er orðinn raunsærri. Draumórarnir minni. Óttinn og öfgarnar líka. En vandi minn gagnvart fjölskyldunni er meiri því mér er ætlað að vera hlutlaus gagnvart henni. Móðirin er mikið rúmliggjandi og E. virðist þurfa að ganga í ábyrgð fyrir hana þegar þannig er ástatt fyrir henni og hafa lengi þurft að gera það. Kannski skýrir það að einhverju leyti hvernig komið er fyrir honum.

16. maí. Ég fór með hann í sund í Árbæjarlaug. Hann hitti nú í fyrsta sinn krakka mína og okkar Ellu sem voru á leiðinni í sumarbústað stórfjölskyldu hennar sem kemur þar saman nú að vori til að búa landið undir sumarið. Ég fór með uppeftir. Allt gekk vel. Einn úr stórfjölskyldunni, Ingimar, var með stöng og allan búnað og E. hreifst af eins og við var að búast. Fiskur beit á meðan stöngin var skorðuð við stein við vatnsborðið og E. fékk að draga fiskinn í land og eiga hann. Þetta var Mariufiskur hans eins og það heitir. Drengurinn kom fyrir þennan dagpart af karlmannlegu æðruleysi þrátt fyrir aldur og margmenni. Faðir minn hefði kunnað á honum lagið þó ekki væri á mér.

Strákurinn er farinn að hlakka til ferða okkar um bæinn.

19. Og hann er farinn að setja mig heldur en ekki inn í föðurhlutverkið. Í dag var farinn leiðangur í verslun. Draumurinn er að eignast ferðabúnað. Það er kominn tími til þess fyrir mig að leita uppi föður hans áður en hann gerir það sjálfur.

Ég fór í sund með strákna í Árbæjarlaug. Síðan í ökuferð upp með Elliðavatni og að Heiðmerkurgirðingunni. Á bakaleiðinni skoðuðum við laxastiga.

Heldur þungt í strák. Hann hafði fengið að eiga silunginn, taka hann með sér heim, en móðirin fékkst ekki til að elda hann né kenna honum það. Hún hefur varla verið fótafær undanfarna daga og vikur. En fór svo á rallíkross í dag út á Reykjanes. Torfæruakstur á huga hennar allan og hún er í slíkri grúppu.

Klukkutími þann 9.5, eða tveir.

Samtal við framkvæmdastjóra Greiningarstöðvarinnar.

Samtal við móður E.

23. Ég gerði skurk í að kynna mér málefni E. betur. Ég ræddi við skólasálfræðing Langholtsskóla þar sem hann hefur verið við nám í vetur. Því næst kom ég á fundi með kennurum hans sem sálfræðingur hans benti mér á; Mörtu og Ernu. Eftir að ég kom heim ræddi ég við móður E. í símann, langt samtal. Og þar eftir við fulltrúa Féló sem hringdi í mig samkvæmt boðum sem ég lagði fyrir hana. Hún bar mér þau skilaboð að ekki væri talin ástæða til ráðgjafar til mín frá Dalbraut þrátt fyrir greininguna um túrett. Þetta er mikið traust mér til handa, að ætla mér að ráða einum fram úr vanda barns með túretteilkenni – sem ég reyndar sé engin merki um en hef nú lesið mér til um. Móðirin las fyrir mig í símann umsókn Dalbrautar, það er að segja greinandans Höllu, um bætur frá Tryggingastofnun sem mér sýnist hún hafa mestan áhuga á. Í umsókn hennar er greiningin formlega frágengin samkvæmt orðalaginu. Lýsingin er öll hin hroðalegasta. Einkennin teljast hafa verið skýr allt frá þriðja aldursári eða þar um bil. Eyðileggingarnar heima eru taldar upp og kostnaðaráætlunin lið fyrir lið. Drengnum fylgir ofbeldi og ófriður, samkvæmt lýsingunni.

Kennarar hans lýstu fyrir mér hegðunarvandkvæðum hans í skólanum. Strákur velur sér vini og óvini og uppnefnir nemendur, og hann veldur truflunum í kennslustundum. Eftir

orðum þeirra kvennanna getur hann vel lært og honum hefur farið fram upp á síðkastið.

Á fundinum með kennurunum talaði ég um ofbeldismyndir í sjónvarpinu sem E. horfir mikið á eða gerði uns móðir hans hætti áskrift. Þær konur, sem voru fimm eða sex við fundarborðið, horfðu á mig brosandi af samstarfsvilja meðan ég hámaði í mig brauðsamloku sem ég hafði tekið með mér á fundinn og gripið upp á leiðinni. Þær fullyrtu að ekki hefði komið til tals að reka E. úr skóla, það væri mikill misskilningur ef ég héldi það. (E. hefur hingað til verið rekinn úr þremur skólum.)

23. maí. Ég fór í gær og náði í ljósrít úr lyfjaskrá um lyfið sem E. hefur verið skikkaður að taka eftir greininguna hjá þeim á Dalbraut, lyfið er rítalín. Í lyfjaskránni er tekið fram að það sé vanabindandi og að það hafi á sínum tíma verið tekið inn í skrána í stað amfetamíns sem bannað hafi verið enda nú álitíð dóp. Jafnframt þessum fyrirvara segir í skránni að fullorðins skammtur af rítalíni sé 3 töflur á dag. Það er það magnið sem E. er skikkaður til að taka. Móðir hans tók svo upp hjá sjálfri sér að minnka skammtinn niður í eina töflu á dag enda hefur hún ekkert álit á sérfræðingum segir hún við mig.

Allt er þetta hið furðulegasta mál.

28. Fundur með Aðalbjörgu hjá BUGL. Ákveðið hefur verið að setja E. á hæli í ágúst og láta hann dýsa þar í sex vikur. Fari svo verður það fyrsta fangavist hans af mörgum.

Ég fór með strák á Þjóðminjasafnið. Það hefur staðið til okkar í milli í vetur að ég færi þangað með hann en ekkert orðið af því. Athyglisvert hve heillaður hann varð af gamla torfbænum sem þar hefur verið settur upp innan húss.

Móðir E. tók mér vel þegar ég kom að sækja hann. Raunar með kostum og kynjum, líklega vegna ábendingar minnar um greininguna og lyfjagjöfina. Hún sagðist vera að bíða eftir upphringingu frá aðstoðaryfirlækni vegna lyfseðilsins um rítalínið. Allur ófriður fer greinilega vel í hana. Að sögn þjónustufulltrúans hjá Féló hafði hún hringt í lyfjafræðing sem furðaði sig á lyfseðlinum.

Móðirin sýndi mér myndir úr fjölskyldulífi sínu. Synirnir þrír eru allir myndarmenn sem segir líklega eitthvað um feðurna. En eru kannski hæfari á vígvelli en annars staðar, feður og synir.

Meðal myndanna voru nokkrar frá bruna í Skipholti 92 þar sem hending ein varð E. til bjargar, að sögn móður hans.

Föstud. Hvasst í dag en sól. Kalt. Ég fór með strák í Perluna. Síðan á bílasölu. Við skoðuðum ferðabíla enda hafði hann mestan áhuga á þeim.

Ég talaði við móður hans fyrir í dag sem lýsti fyrir mér slæmri hegðun hans í dag og undafarið.

Strákur var full þegar ég kom að sækja hann en þó ekki erfiður og rættist úr. Hann fór í fyrsta sinn að tala um föður sinn að fyrra bragði. Hann sagði mér hvað hann hétu fullu nafni og nokkurn veginn hvar hann ætti heima. Stráksi lét það fylgja þessum upplýsingum að hann þyrfti tilsjónarmann vegna þess að móðir hans réði ekki við hann. Ég spurði hann hvers vegna. Hann svaraði af hörku: Af því að ég er svo vitlaus! Hann hefur ekki hitt föður sinn og vantar líklega enn nokkur ár til þess.

Móðirin sagði mér í óspurðum fréttum að faðir drengsins hefði misnotað dóttur hennar meðan á sambúðinni stóð. Á þeim tíma sem hún gekk með E. Dóttir hefði verið fjögurra ára gömul. Dótturin, sem nú er 14 ára, hefði lýsti þessu fyrir sér grátandi fyrir nokkrum dögum í heimsókn. Eftir orðum móðurinnar hefur dóttir hennar sofið hjá 13 eða 14 karlmönnum. Hún segir dóttur sína vanti sjálfsvirðingu. Föður drengsins sinnaðist við móðurina og þegar hann sleit sambúðinni negldi hann hönd hennar við stofuborðið með hníf, að sögn hennar.

Við sátum í eldhúsinu meðan á þessu samtali stóð og tilsýndar fylgdist ég með einum kattanna sinna kettlingi sínum í körfu á hillu í stofunni. Persneskir kettir eru langtímum saman eins og stytur, jafnvel svo að manni bregður við þegar þeir fara á stjá.

31. maí. Aðalbjörg á Féló hringdi til mín og bað mig að fjölga tímum með E. úr 7 á viku í 20 næsta hálfu mánuðinn. Ég féllst á þetta.

Ég sótti E. og fór með hann í Perluna. Síðan á bílasölu þar sem við gengum milli bíla á planinu. Áhuginn er einkum á ferðabílum eins og áður.

2.6. Sunnud. Svo vildi til að í dag var á ný hreinsunardagur í sumarbústaðnum við Elliðavatn. Það hentaði að taka E. með og gefa honum færi á að veiða.

Sól, gola. Góður dagur.

Strákur veiddi ekki neitt. Hann kenndi um flotholtinu, af jafnaðar-geði. Fékk gefins tvo silunga frá Ingimar sem hann ætlar að gefa köttunum því hann borðar ekki fisk sem hann hefur ekki veitt sjálfur.

E. verður greinilega ekki einn af þeim sem fara á sósíalinn þegar fram í sækir.

3.6. Í dag ræddi ég við mann sem sér um að útvega skjólstæðingum Féló pláss í sveit. Ég lýsti fyrir manningnum reynslu minni af E. til mótvægis við þær neikvæðu lýsingar sem maðurinn hafði fengið frá öðrum.

Um sveitardvöl E. í fyrra segir í skýrslu, að ýmislegt hafi verið að honum að finna og það með öðru, að hann hafi kennt öðrum um allt sem aflaga fór og ekki kannast við að neitt hafi verið að hjá honum sjálfum. Auk þess hafi hann verið áreitinn við krakkana á bænum svo að varla hafi verið hægt að hafa hann nærri þeim. Bóndinn hefði þess vegna þurft að láta hann fylgja sér næstum hvert spor og sífellt orðið að gefa honum gætur. Samkvæmt skýrslu hafði E. reynst hyskinn við þau verk sem honum var ætlað að vinna. Hann hefði reynst úthaldslaus og farið að sinna því sem hann hafði frekari áhuga á strax og hann sá sér færi.

Ég mælti með því við fulltrúann, að E. yrði fundinn dvalarstaður á sveitabýli vestur á fjörðum, nærri sjó. Áður en hann yrði sendur á upptökuheimilið. Einn bær kemur til greina upp úr miðjum mánuðinum, samkvæmt fulltrúanum. Svar kemur í vikulokin.

5. júní. Ég fór með strákna í Árbæjarsafn. Lifandi áhugi. Hann ræddi lengi og mikið við safnverði sem mér kom mjög á óvart. Það hefði ég aldrei þorað að gera á hans aldri.

Hann var fúll þegar ég sótti hann heim, út í allt og alla. Daufur og áhugalaus og þó ekki verri en það. Skánaði svo.

Ég leyfði honum að koma með mér í bókbandið þangað sem ég sótti höfundareintök að nýútkominni bók eftir mig. Ég lét hann hafa eintak handa mömmu hans.

E. hefur fengið pláss á bæ í Dýrafirði. Hann fór vestur á mánudag. Ég er því feginn.

Ég er hættur tilsjónarmennsku í bili að minnsta kosti. Ég var á ferð fyrir vestan núna seinnipart sumars. Ég var staddur á Ísafirði. Það var glaða sólskin. Fyrir forvitni sakir tók ég á mig krók yfir í Dýrafjörð, leitaði uppi bæinn þar sem E. er í sveit. Það var hið besta heyskaparveður en heimafólkið allt í mat á þeirri stund sem ég renndi í garð. Mér var vel tekið og rýmt var fyrir mér við hádegisborðið. Þar sat fjölmenni, sýndist mér, og strákurinn við fjarlægara borðshornið. Hann tók mér fálega. Stofan er stór og hátt til lofts og þurrkaðir blómvendir hengu niður úr röftum í loftinu. Brúðkaup var nýlega afstaðið. Það var létt yfir fólkinu. Eftir matinn varð E. við tilmælum heimafólksins að sýna mér eldissilunga í kari bakvið húsið sem honum hafði verið falið að sjá um. Hann sagði fátt og spurði fljótlega eftir að við vorum orðnir einir: „Hvenær ferðu?”

Ég kvaddi bóndann við bæjardyrnar, þreklegan, miðaldra, brosmildan mann. Hann hefur víst álitnið mig eftirlitsmann á vegum Féló því hann kallaði á eftir mér af bæjarhellunni þegar ég var kominn á leiðis að bílnum: „Meðalið hans hefur staðið óhreyft í eldhússkápnum frá því hann kom. Hvað viltu að ég geri við það?”

„Fleygðu því!” kallaði ég á móti og veifaði til mannsins í kveðjuskyni. –

Ég hef ekki séð strákna síðan enda hvorugur átt erindi við hinn. Sumarið eftir forvitnast ég um hann, ég hringdi til móður hans og hafði ekki gert það síðan ég kvaddi þau bæði í íbúðinni við Kleppsveg. E. á nú heima fyrir vestan, sagði móðir hans við mig í símann. Hann var í skóla á Þingeyri síðast liðinn vetur og varð hæstur í sínum bekk. Hún sagði þetta eins og aldrei hefði annað staðið til.

Ég segi þér sögur

Ég hef fetað mig yfir lagnaðarís eftir skipbrot í dumbshafi lengur en mig rekur minni til, – já, ég lenti í hafvillum. Það er orðið langt síðan. Af Ísröndinni sá ég skipið hverfa niður í svart sogið og eygði svo ekkert annað en úlfgráan himin, því líkast sem í seilingarhæð, og undir fótum mínum ótryggur ísinn, óviss um skref mín en haldinn af sannfæringu, kergju um stefnuna, trú á að einhvers staðar framundan væri landbrún, gróðurlaus strönd. Af reglufestu trúði ég að mér hæfði, fremur en ótrygg ísbreiðan, þau skilyrði sem þar ríktu. Við hvert skref var ég mér vitandi um hafið undir fótum mér, gráblátt eins og hnífsegg.

Ekki frítt við að ég dignaði í fætuna, en ég fór þó aldrei niður úr. Ég lenti heldur ekki í því að þurfa að stökkva á milli skara eða yfir sprungur. Nei, breiðan var samfelld þótt ekki væri hún alltaf slétt. Stundum varð ég að taka á mig króka fyrir borgarísjaka í storkunni, annarlegar borgir sem mér stóð stuggur af og fylgdi aðkenning um líf sem mér hæfði að forðast. Ég sá birni og rostung, kló og höggönn, og nam holskerandi hvin, vábrestu frá björgunum.

Það skóf í slóð mína líkt og æðri máttarvöld teldu nærveru mína í þessum heimi litleysunnar óviðeigandi, en hún væri umborin meðan ég ekki reyndi að dvelja um kyrrt. Meðan ég viðurkenndi að hún hæfði mér ekki og ég vissi mínu viti þótt það vit væri eðlisóskýlt aðstæðum. Stundum ríkti kyrrðin ein, öðrum stundum dró hönd vindsins sáldur yfir hjarnið frá einni átt til annarrar líkt og storkandi, ögraði vissu minni um að ég væri raunverulega þarna þótt þess gætti hvergi stundinni lengur, jafnvel ekki í minni mínu því kennimarkaleysið firrti tímann inntaki og mér þótti sem ég hefði háð göngu mína í eilífð fremur en líðandi, ég hefði gengið í ísstorku sem ekki bara hefði deytt jörð og himin heldur einnig alla þróun.

Stundum var sem hníf væri brugðið milli rifja mér, oddurinn næmi við brjóstið, og tilhugsunin ein um skelfilegt lífleysi þessa alls sem fyrir mér lá hrekti mig enn frekar til móts við ógnvænið

og sem því næmi að oddurinn skyldi í milli sálar og líkama og ég hyrði óaftur-kallanlega inn í sífrerann.

En svo fór ekki. Ég fór að hafa fast undir fótum, framan af var munurinn sá einn að ég hafði gengið lengur upp í móti en svo að hægt væri að ætla annað. Hvít breiðan bar sama svip, hvergi kvikt að sjá. Ekki fugl. Ekki sel. Og klettariðin framundan eins og svarta skellur í grámuskuna, sker sem rjúfa klúr fannadregilinn.

Ég feta mig áfram sem fyrr, dofinn í fótunum. Já vissulega, en ekki þreyttur. Ekki heldur ör. Stillan nær til tilfinninganna. Ég veit að fótfestan mun ekki bregðast mér úr þessu. Ég mun ná til byggða.

Hvað er títt, mun verða spurt þegar þar að kemur. Ég mun segja: Ég braut skip mitt langt undan landi.

Og hvað varstu að þvælast þar? mun verða spurt. Hέλstu að þú værir gerður úr öðru efni en við?

Kannski var það þetta sama afl sem freistaði mín og býr í brjóstum okkar allra og dregur hvern og einn óviðráðanlega til móts við forgengileikann. Kannski var það þessi svarti hringlaga blettur sem í nærsýn tekur á sig mynd grafar eða hvers sem er annars og vekur kvíða, það sem miklu mest nær tökum á því sem kvikt er og boðar tæringu, lifandi teikning á hvíttri örku og hönd sem þurrkar hana út, hægt, hægt, en óstöðvandi, völdugt, svo að orð fá ekki lýst því. Dauðinn í eigin brjósti, fylgjan sem aldrei víkur af leið nema ef vera kynni þá stund sem blekkingunni er sleppt lausri á hana, magnaðri af eitri, innblásinni af hræðslu.

Því sigldirðu svo langt til norðurs? mun verða spurt og enginn mun hirða um skýringu mína. En ég mun engu svara.

Vitandi þó um afdrif mín einn með sjálfum mér: Slóð mín náði ekki að setja nein varanleg merki á hjarnið. Storkandi helkuldinn hratt mér til móts við hin blíðlyndari öfl og blés mér þeirri sannfæringu í brjóst að ég er hverfull. Þessi þörf mín varð óviðráðanleg að sigla æ lengra inn meðal grárra bólstranna, þótt sjórinn væri hlaupinn í hvíta kekki og ekkert gat komið í veg fyrir að staðreyndirnar risttu kjölinn af skipinu og sökktu því undir fótum mér. Já, hverfull og verða bráðum dauðanum að bráð, en samt –

Dauðinn er fáráðlingur, hann kann engar skýringar. Eðlisóskyldur öllu sem lífs er. Misheppnaðar samfarir óskyldra

tegunda og geta engan unað veitt, hvað þá getnað í nokkurri varanlegri mynd. Þannig ferst öllu lífi fyrir ofbeldi eða tæringu hinna deyðandi afla. Hvort sem þeim eru færðar fórnir eða skorin rún á fjöl sem fleygt er í strauminn til norðurs. Þú færð ekkert svar. Blekkingin fellur í þinn hlut sem fyrr. Máli hennar einnar talar þú, það mál er þrátt fyrir hrakningar mál lífsins. Leyndarmálið er að það er ekkert leyndarmál. Gildisleysið er algert og óbætanlegt.

Minna spora sér ekki stað á hjarninu. Ég veit að í heiðríkju hvítrar heimskautanæturinnar braga rauð norðurljós og hvergi er pólstjarnan skærari. Ég hef aldrei komið þar enda veit ég að þar mun mér ekki verða ekki lífvænt. Feti ég lengra norður hlýt ég að þreyta mig við svartar glufur í ísinn uns ég verð allur á milli skara.

Þú sem til mín leitar, ég veit þú greinir ekki þessi undur heldur þótt þú vitir af þeim djúpt í sálarfylgsnum þínum og að það eru ekki lygar okkar sem þú hefur ama af heldur því hversu lítilmótlegar þær eru. Hversu lítilþæg við erum öll í þessum efnum í samanburði við fyrirrennarana. Þessi geta okkar að láta sér standa á sama, til að þreyja fremur en unna, staðlast fremur en brjótast um í fangbrögðum tískunnar, leggjast á orð og léreft listanna eins og nábitar í stað þess að ljúga trúverðuglega lífi í dautt efnið. Þetta log sem flöktir á skari, líf okkar, það ætti að vera uppfuðrun í efni sem slær bliku á svart þel þeirrar alheimsnætur sem allt á allt sitt undir. Mótsögn fyrri tíða er ekki lengur. Og óhamingja þín tilgangslaus.

Jafnvel sáttmálsörkin hefur verið færð af stalli og er orðin að hverfulli ímynd í kvikmynd um Indiana Jones, orð í maraþonræðu kaupsýslunnar um ekkert. Blekkingin á þrifnað sinn undir hringekju sem við höfum ólað okkur föst við og vindsveipir tilfinninganna eru okkur hin eina mótstaða sem við kennum á ævi sem skipulag hefur slípað af alla agnúa og ofgnótt afþreyingar gert að skammvinnu fánýti sem snertir okkur æ minna. Geta okkar til að magna upp seið í hringdansinum er þvílík að við sjáum fjöll hrynja en erum þó fremur en annað boðflennur á hirðdansleik þar sem fólk af okkar tagi hefur það eitt fyrir sér að stelast í glös gestanna.

Hér liggur fyrir svar fyrir mannlíf sem leitar sín sjálfs milli fallhlerans og snörunnar. Hér liggur fyrir annar valkosturinn af tveimur ef þú vilt dreyma þá drauma sem þér ber.

Til að friðþægja þeim hrædda þarf blekkingu; hún er lyfið sem hræðslan gefur inn við sjálfri sér. Óttinn sem úr því stýrir viti og athöfn hefur úr því ekki önnur viðmið á flóttanum frá sjálfum sér en þau neikvæðu, þau að forðast eigið tillit, sniðganga hið einstæða í nafni þess almenna, einstaklinginn í nafni múgsins, gjöfina í nafni kröfunnar, óvissuna í nafni sannfæringarinnar, efan í nafni öryggisins, lögmálið í nafni glundroðans, berangrið fyrir silkitjöldin. Slík myndhvörf eru svör óttans við eigin vanhöldum. Og allt sem lífs er firrist dauðann með sama hætti.

Til að sigra dauðann í eigin brjósti drepur maður mann. Slítur af sér skuggann í augnabliksæði, viðurkennir sem snöggvast nærveru þess sem hvorki er staðreynd né sannleiki, þess fláa, undirförla og umfram allt óréttláta förunautar sem hvíslar óraunsæjar sögur í eyru manns viðstöðulaust meðan hann lifir. Ofalinn af sögum leggur riddari eigin lífs lensu fyrir brjóst annars manns sem á móti kemur og enn hlýðir af hálfum hug á undirförlult skrafið við eyru sér, þurfandi fyrir skýrari blekkingar en bólstranna sem að honum sveipast. Gefðu mér vín, segir hann, gefðu mér eituro svo ég geti verið frír í einskismannslandi og verið hvorki lífs né dauður.

Þú sem hlerar mál mitt lifðu þig til nektar. Slíkri upplifun fylgir þjáning en hún er samt meira virði en líf í blekkingu. Ég býð þér að trúá því. Ég fleygi vef úr orðum fyrir fætur þína svo þú fái fótáð þig í sæmilega ratljósum hversdagsleika.

Til næsta árs.